

KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR

„Er ekki sama syndin drýgð af báðum aðilum?“

Gleymd skjöl í gamalli tösku og skrif kvenna um tvöfalt siðgæði í ástandinu

Þegar orðið var gefið laust reis Laufey Valdimarsdóttir úr sæti sínu og gekk upp á sviðið, heldur þung á sér og þreytuleg. Hún fór ekki í pontu heldur steig fram á sviðsbrúnina og starði út í salinn. Laufey einblíndi á síðasta ræðumann og ég sá að það örlaði á brosi í djúpum munnvikunum. Svo tók hún allt í einu höndum undir brjóstin, setti upp nautnasvip og strauk sér blíðlega um mittið og mjaðmirnar. Eins og hún væri að gera gælur við sjálfa sig. „Manstu,“ sagði hún og starði á manninn, „manstu þegar við vorum ung í Kaupmannahöfn? Ertu búinn að gleyma því?“¹

Í lok september 1941 hélt Stúdentafélag Reykjavíkur fjölsóttan fund til að ræða skýrslu ástandsnefndarinnar svokölluðu um siðferðisástandið í Reykjavík eftir hernám landsins en efni skýrslunnar hafði vakið gríðarlega athygli þegar það komst í fjölmiðla skömmu áður. Ræðumenn á fundinum voru sjö, fimm karlar og tvær konur. Önnur þeirra var kvenréttindakonan Laufey Valdimarsdóttir,

¹ Þorvaldur Kristinsson, *Veistu ef þú vin átt. Minningar Aðalheiðar Hólm Spans*, Reykjavík: Bjartur, 2021, bls. 159. Greinin er hluti af rannsóknarverkefniinu Í kjölfar kosningaréttar. Félags- og menningarsöguleg rannsókn á konum sem pólitískum gerendum 1915–2015, sem leit er af Erlu Huldu Halldórsdóttur og Ragnheiði Kristjánsdóttur og styrkt af Rannís, verkefnisnúmer 174481-051. Ég kann Rakel Adolphsdóttur, forstöðumanni Kvennasögusafns Íslands, bestu þakkir fyrir að benda mér á skjöl Laufeyjar Valdimarsdóttur á handritadeild Landsbókasafns, og Báru Baldursdóttur fyrir að leyfa mér að vitna í óútkomna bók hennar um ástandið. Bára styðst við sömu heimildir og ég geri í umfjöllun sinni um stúdentafundinn í Háskóla Íslands 1941. Sjá Báru Baldursdóttir, *Kynlegt stríð*, Reykjavík: Bjartur, væntanleg.



formaður Kvenréttindafélags Íslands og Mæðrastyrksnefndar.² Hálfri öld síðar rifjaði Aðalheiður Hólm Spans upp frammistöðu Laufeyjar þetta kvöld og viðbrögðin í salnum: „Það var eins og hleypt hefði verið af koti. Söfnuðurinn brast í óstöðvandi hlátur en Laufey stóð á sviðsbrúninni og skemmti sér vel. Hún hafði gripið til einu vopnanna sem bitu og hleypt upp fundi.“³

Af ræðumönnum kvöldsins er einna líklegast að Laufey hafi beint orðum sínum til skólamannsins Sigfúsar Halldórs frá Höfnum, sem var samtíða henni við nám í Kaupmannahöfn á öðrum áratug 20. aldar.⁴ Eins og svo margir hafði hann áhyggjur af samneyti íslenskra kvenna við erlenda hermenn og taldi að hernámið hefði leitt til aukinnar útbreiðslu kynsjúkdóma og vændis. Sigfús vildi að vændiskonur í Reykjavík yrðu einangraðar, lögaldur hækkaður í allt að 21 ár og stúlkum innan lögaldurs bannaður aðgangur að dansstöðum án karlmannsfylgdar.⁵ Aðrar hugmyndir sem komu fram hjá körlunum á fundinum var að loka áfengisverslun ríkisins, stofna vistheimili fyrir stúlkur á glapstígum og jafnvel banna öll afskipti Íslendinga af setuliðsmönnum. Konurnar tvær, Laufey og Guðrún Guðlaugsdóttir, sjálfstæðiskona og fulltrúi í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, tóku hins vegar báðar afgerandi afstöðu gegn neikvæðri umræðu um siðferðisþrek íslenskra kvenna, sem og hugmyndum karlanna um viðbrögð við ástandinu. Guðrún „geysaði mjög í ræðustólnum“, samkvæmt *Alþýðublaðinu*, en Laufey „hélt langa ræðu og merka“ og sagði „að oft hefði verið talað um móðursýki hjá konum, en nú virtist sér, að sá sjúkdómur breiddist ört út meðal karlmannanna.“⁶

Fræðimenn hafa rannsakað „ástandið“ – samneyti íslenskra kvenna við erlenda hermenn á árum síðari heimsstyrjaldar og viðbrögð samfélagsins við því – frá margvíslegum sjónarhornum undanfarna áratugi. Rýnt hefur verið í hina harkalegu opinberu umræðu um „ástandsstúlkur“, eftirlit ríkisvaldsins með samskiptum kvenna við hermenn og starfsemi stofnana sem komið var á fót til að bregðast við ástandinu. Rík áhersla hefur verið lögð á að skoða hvernig hugmyndir um kyngervi og þjóðerni fléttuðust saman en konur voru álitnar hafa mikilvægt hlutverk við varðveislu íslensks þjóðernis, sem þær brugðust með því

² „Umræðurnar um ástandsmálin á stúdentafundinum“, *Alþýðublaðið* 26. september 1941, bls. 1–2.

³ Þorvaldur Kristinsson, *Veistu ef þú vinn átt*, bls. 159.

⁴ „Sigfús Halldórs frá Höfnum“, *Íslendingaþættir Tímans* 7. september 1968, bls. 1–4.

⁵ Sigfús Halldórs frá Höfnum, „Kafar úr útvarpserindum“, *Jörð* 2:3/1941, bls. 317–338, sjá til dæmis bls. 329.

⁶ „Umræðurnar um ástandsmálin á stúdentafundinum“, *Alþýðublaðið* 26. september 1941, bls. 1–2.

að leggja lag sitt við erlenda karlmenn. Má þar ekki síst nefna rannsóknir Ingu Dóru Björnsdóttur, Báru Baldursdóttur og Hafdísar Erlu Hafsteinsdóttur.⁷ Inga Dóra byggði á viðtölum við konur sem upplifðu hernámsárin og það sama gerði Herdís Helgadóttir sem gaf út bókina *Úr fjötrum* árið 2000, þar sem hún lagði áherslu á þau auknu tækifæri sem íslenskar konur öðluðust á stríðsárunum, bæði í atvinnu og ástum.⁸ Rannsóknir á ástandinu gengu í endurnýjun lífdaga eftir að skjöl ungmennaefirlits lögreglunnar í Reykjavík voru gerð aðgengileg á Þjóðskjalasafni Íslands árið 2012 en þau vörpuðu nýju ljósi á hversu umfangsmikið siðferðislegt eftirlit með borgurinum fór fram á hernámsárunum. Þór Whitehead varð fyrstur til að vinna úr þessum skjölum í grein árið 2013 en einnig vakti mikla athygli heimildarmynd Ölmú Ómarsdóttur fjölmiðlafræðings, *Stúlkurnar á Kleppjárnareykjum*, sem hún sendi frá sér ári síðar.⁹ Enn fremur er vert að nefna rannsóknir Agnesar Jónasdóttur á ástandinu út frá sjónarhóli barnaverndar.¹⁰

⁷ Inga Dóra Björnsdóttir, „Public view and private voices“, *The Anthropology of Iceland*, ritstjórar E. Paul Durrenberger og Gísli Pálsson, Iowa City: University of Iowa Press, 1995, bls. 98–118; Bára Baldursdóttir, „Pær myndu fegnar skifta um þjóðerni“. Ríkisafskipti af samböndum unglingsstúlkna og setuliðsmanna“, *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, ritstjórar Anna Agnarsdóttir o.fl., Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001, bls. 310–317; Bára Baldursdóttir, „Kynlegt stríð. Íslenskar konur í orðræðu síðari heimsstyrjaldar“, *Íslenska söguþingid 30. maí–1. júní 2002. Ráðstefnurit 1*, ritstjóri Erla Hulda Halldórsdóttir, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, Sagnfræðingafélag Íslands og Sögufélag, 2002, bls. 64–75; Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Hún var með eldrauðar neglur og varir, en að öðru leyti ekkert athugaverð í útliti“. Skjalasafn Ungmennaefirlitsins og ímynd ástandsstúlkunnar“, *Saga* 55:2/2017, bls. 53–86.

⁸ Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum. Íslenskar konur og erlendum her*, Reykjavík: Mál og menning, 2001.

⁹ Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin. Stríðið um konurnar 1940–1941“, *Saga* 51:2/2013, bls. 92–142; Alma Ómarsdóttir, *Stúlkurnar á Kleppjárnareykjum. Lauslæti og landráð*, Reykjavík: IRI, 2015. Um svipað leyti og skjöl ungmennaefirlitsins voru gerð aðgengileg bárust Þjóðskjalasafni einnig skjöl frá vistheimilinu á Kleppjárnareykjum, þar sem vistaðar voru stúlkur sem dæmdar höfðu verið fyrir ósiðlegt samneyti við hermenn. Bára Baldursdóttir byggir á báðum þessum skjalasöfnum í væntanlegri bók, *Kynlegt stríð*.

¹⁰ *Lbs.-Hbs.* (Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn) Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að efurláta hernum stúlkubörninn?“ Ástandið á mörkum löggæslu og barnaverndar“, MA-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2019; Agnes Jónasdóttir, „Ástandsstúlkann sem vandræðaunglingur. Löggæsla, vernd og eftirlit í ástandinu“, *Saga* 58:1/2020, bls. 106–135. Sjá auk þeirra verka sem tilgreind hafa verið: Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökulsson, *Ástandið. Mannlíf á hernámsárunum*, Reykjavík: Tákn, 1989; Eggert Þór Bernharðsson, „Blóraböggjar og olnbogabörn. „Ástandskonur“ og aðrar konur í Reykjavík í seinna stríði“, *Sagnir* 17/1996, bls. 12–23; *Lbs.-Hbs.* Íris Cochran Lárusdóttir, „Það er draumur að vera með dáta“. Ástandið frá komu Bandaríkjahers 1941 til ársloka 1943“, BA-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2011. Einnig hefur þó nokkuð verið skrifað um birtingarmyndir ástandsins í bókmenntum en þær rannsóknir eru látnar ótaldar hér.

Í þessari grein verður sjónum beint að málflytningi kvenna í ástandsumræðunni og skoðaðar birtingarmyndir samstöðu og ágreinings þeirra á milli en margar þessara kvenna voru áberandi innan íslensku kvennahreyfingarinnar. Á þessum tíma sat engin kona á Alþingi og fáar konur gegndu opinberum embættum. Þær tóku þó virkan þátt í opinberri umræðu og beittu sér eftir ýmsum formlegum og óformlegum leiðum til að ná fram markmiðum sínum og sýna fram á að þær ættu erindi á pólitískum vettvangi.¹¹ Eftir að skýrsla ástandsnefndarinnar komst í fjölmiðla skrifaði Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona til að mynda í *Morgunblaðið* og gagnrýndi að í nefndinni sætu eingöngu karlar. Það er sjálfsgöð krafa, skrifaði Sigríður, „að á meðal þjóðar, þar sem konur hafa öðlast jafnrætti við karlmenn, fái þær tillögurjett í viðkvæmstu vandamálum kvenna.“¹² Forsætisráðherra skipaði þá sérstaka „kvennanefnd“, þar sem Sigríður átti sæti ásamt Aðalbjörgu Sigurðardóttur kennara og Guðrúnu Pétursdóttur heimilisiðnaðar- og húsmæðrafræðslufrömuði. Þær tóku síðan þátt í að semja ný lög um eftirlit með ungmennum sem sett voru vegna ástandsins.¹³ Eftirlitsaldur var hækkaður og komið á fót þremur stofnunum: ungmennaeftirliti innan lögreglunnar í Reykjavík, ungmennadómstól innan Sakadóms Reykjavíkur og vistheimili fyrir afvegaleidd ungmenni á Kleppjárnsreykjum í Borgarfirði. Jóhanna Knudsen hjúkrunarkona var ráðin forstöðukona ungmennaeftirlitsins og þar með fyrsta lögreglukona landsins.¹⁴ Hún hafði áður verið fengin til að gera rannsókn á siðferðisástandinu í Reykjavík og skilað svartri skýrslu um stöðu mála, sem skýrsla ástandsnefndarinnar var að stórum hluta byggð á.¹⁵

Því fór þó fjarri að konur væru á einu máli um „viðkvæmstu vandamál kvenna“, eins og Sigríður Eiríksdóttir kallaði þau. Sumar studdu Jóhönnu Knudsen í störfum hennar – þar á meðal Sigríður sjálf – en aðrar gagnrýndu starfsemi þeirra stofnana sem komið var á fót vegna ástandsins og fóru þar fremstar í flokki konurnar tvær sem töluðu á fundi Stúdentafélagsins haustið 1941, Guðrún

¹¹ Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa. Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, sjá til dæmis bls. 67, 141–148, 201–211.

¹² Sigríður Eiríksdóttir, „Konurnar og „velferðarnefndin““, *Morgunblaðið* 3. september 1941, bls. 4. Skáletraður texti er feitletraður í heimild.

¹³ Bára Baldursdóttir, „„Þær myndu fegnar skipta um þjóðerni““, bls. 310–312.

¹⁴ *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „„Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?““ Ungmennalögin giltu sem bráðabirgðalög frá árslokum 1941, og var eftirlitsaldurinn hækkaður úr 16 í 20 ár, en voru samþykkt með breytingum á Alþingi vorið 1942 og var eftirlitsaldurinn þá 18 ár.

¹⁵ Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“, bls. 95–125; Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „„Hún var með eldrauðar neglur og varir““, bls. 64–72.

Guðlaugsdóttir og Laufey Valdimarsdóttir. Hér verður Laufeyju veitt sérstök athygli en hún var á sextugsaldri þegar þetta var og hafði verið í framvarðasveit íslenskrar kvenréttindabaráttu um árabil. Stuðst verður við skjöl úr fórum Laufeyjar sem ekki hafa verið nýtt áður. Þau bárust til Landsbókasafns Íslands frá Menningar- og minningarsjóði kvenna árið 1950, í lítilli brúnni leðurtösku með fangamarki Laufeyjar.¹⁶ Þar á meðal eru merkilegar heimildir um afstöðu Laufeyjar til ástandsmálanna. Það er annars vegar tíu síðna vélritað handrit að erindi sem fyrirhugað var að yrði hluti af útvarpsdagskrá 19. júní 1943, en útvarpsráð meinaði Laufeyju að flytja, og hins vegar gögn tengd meidyrðamáli sem Jóhanna Knudsen höfðaði á hendur Laufeyju vorið 1945 vegna ummæla hennar um lög-reglustörf Jóhönnu. Í útvarpserindinu setur Laufey ástandsmálin í samhengi við alþjóðlega baráttu kvenréttindakvenna gegn tvöföldu siðgæði, sem staðið hafði yfir frá því á 19. öld en ekki verið mjög áberandi innan íslensku kvennahreyfingarinnar. Hér verður fordæmi Laufeyjar fylgt, skoðað hvernig íslenskar konur töluðu um og gagnrýndu tvöfalt siðgæði á fyrri hluta 20. aldar, með sérstakri áherslu á hernámsárin, og málfutningur þeirra settur í alþjóðlegt samhengi.

Siðferðislegt jafnræði karla og kvenna

Í maí 1943 samþykkti útvarpsráð að veita Kvenréttindafélagi Íslands rúm í útvarpinu á kvennadaginn 19. júní.¹⁷ Á næsta fundi ráðsins kom hins vegar fram að þar sem ræða ætti um „afstöðu kvenna til hins erlenda setuliðs“ í dagskránni yrði efnið nálgast „á öðrum grundvelli en þeim, sem útvarpsráði hefði skilist“. Tveimur meðlimum ráðsins var falið að tryggja „að málið yrði tekið upp á þeim grundvelli, sem útvarpsráði þætti hlýða“.¹⁸ Það gekk ekki eftir. Þann 22. júní kemur fram í fundagerðabók útvarpsráðs að erindi Laufeyjar Valdimarsdóttur á kvennadaginn hafi fallið niður „vegna þess að hún vildi ekki flytja erindið, ef hún yrði að breyta nokkru eða fella úr því, eins og krafist var“.¹⁹

Handrit Laufeyjar að erindinu sem aldrei var flutt var meðal þess sem kom upp úr töskunni góðu á Landsbókasafni. Viðfangsefni þess er það sem Laufey kallar „siðferðislegt jafnræði karla og kvenna“:

¹⁶ *Lbs.* (Landsbókasafn Íslands – handritadeild) B.31. Laufey Valdimarsdóttir.

¹⁷ *ÞÍ.* (Þjóðskjalasafn Íslands) Ríkisútvarp AA/4. 1943–1949. Gerðabók Útvarpsráðs, bls. 18.

¹⁸ Sama heimild, bls. 21. Eins og Bára Baldursdóttir bendir á í bók sinni *Kynlegt stríð* virðist Kvenréttindafélaginu einhverra hluta vegna hafa gengið illa að koma efni á framfæri í útvarpinu eftir hernám landsins.

¹⁹ *ÞÍ.* Ríkisútvarp AA/4. 1943–1949. Gerðabók Útvarpsráðs, bls. 24.

Ég vildi tala um grundvallarkröfur kvenréttindakvenna í þessum málum, eins og þær hafa verið bornar fram af brautryðjendum kvenna í ýmsum löndum og alþjóðlegu sambandi kvenréttindafélaganna og sjónarmið þeirra gagnvart vandamálum, sem eru tiltölulega ný í íslenzku þjóðlífi og einkum hafa komið fram á síðustu árum. Kvenréttindafélögin krefjast siðferðilegs jafnræðis karla og kvenna. Þau gera kröfu til að öll löggjöf um siðferðismál og framkvæmd slíkra laga sé miðuð við það grundvallaratriði, að viðurkennt sé að sömu siðferðiskröfur gildi fyrir karla sem konur ... Félagin eru andvíg öllum þvingunarráðstöfunum í þessum málum og mótmæla einkum öllum lögum og ráðstöfunum, sem skerða frelsi konunnar, en snerta ekki karlmanninn.²⁰

Laufey vísar hér til alþjóðlegrar baráttu kvenna gegn tvöföldu siðgæði. Hún hófst á 19. öld og var nátengd fyrirkomulagi vændis eins og það var í mörgum Evrópulöndum á þeim tíma, þar á meðal í því landi sem stóð Íslandi næst, Danmörku. Vændi var ekki endilega löglegt en það var umborið og því stýrt af stjórnvöldum, þannig að haldin var skrá yfir konur sem höfðu leyfi til að stunda vændi og þær látnar vera undir reglulegu eftirliti lögreglu og lækna. Yfirlýstur tilgangur þessa fyrirkomulags var að hefta útbreiðslu kynsjúkdóma en jafnframt var litið svo á að vændi væri eins konar öryggisventill sem veitti eðlislægri og óhaminni kynhvöt karla útrás í afmörkuðu umhverfi og verndaði þannig „óspilltar“ konur fyrir þeim. Með þessu var ábyrgðinni á útbreiðslu kynsjúkdóma og siðspillningar varpað á tiltekinn hóp kvenna. Karlarnir sem þær stunduðu kynlíf með gátu auðvitað líka verið smitberar en þurftu hvorki að þola skráningu, eftirlit né þvingaðar læknisskoðanir. Sumar konur í láglaunastörfum drýgðu tekjurnar með því að selja kynlífsgreiða af og til en þær gátu átt það á hættu að vera skráðar sem vændiskonur, ef þær fengu tiltekinn fjölda áminninga frá lögreglu, og vera þannig í raun dæmdar til að stunda vændi að aðalstarfi, sem var staða sem erfitt var að komast úr.²¹

Enska baráttukonan Josephine Butler var í fararbroddi herferðar fyrir afnámi ríkisstýrðs vændis og gegn tvöföldu siðgæði, sem hófst í Englandi um 1870

²⁰ *Lbs.* B.31. Laufey Valdimarsdóttir. Útvarpserindi, ódagsett. Laufey skrifar ýmist „siðferðilegt“ eða „siðferðislegt“.

²¹ Karin Lützen, *Byen tæmmes. Kernefamilie, sociale reformer og velgørehed i 1800-tallets København, Kaupmannahöfn*: Reitzel, 1998, bls. 219–245, 261–272; Ida Blom, „From regulationism to the „Scandinavian *Sonderveg*“. Legislating to prevent venereal diseases in Denmark during the long nineteenth century“, *Continuity and Change* 20:2/2005, bls. 265–286, hér bls. 267–272. Sjá einnig: Yvonne Svanström, *Policing Public Women. The Regulation of Prostitution in Stockholm 1812–1880*, Stokkhólmur: Atlas, 2000, bls. 74–155.

en varð fljótlega alþjóðleg hreyfing þar sem konur voru atkvæðamiklar. Samtök um afnám ríkisstýrðs vændis voru stofnuð í Danmörku skömmu fyrir 1880 en margar þeirra borgaralegu kvenna sem störfuðu með samtökunum voru líka framarlega í kvenréttindafélaginu Dansk Kvindesamfund. Enn sem komið var höfðu konur takmörkuð formleg réttindi en með þátttöku í slíku félagastarfi fóru þær út á hinn pólitíska vettvang á þeim forsendum að í sumum málum ættu þær sérstakt erindi, þar á meðal í siðferðismálum. Þær bentu á hvernig karlmenn settu sjálfir lög og reglur sem gerðu ráð fyrir að frjálst kynhegðun væri fullkomlega eðlileg og leyfileg af hálfu karlanna, á meðan strangar siðferðiskröfur væru gerðar til flestra kvenna en smærri hópur fátækra kvenna væri dæmdur til að starfa í vændi.²² Hollenski fræðimaðurinn Petra de Vries skrifar að í ríkisstýrðu vændi hafi kvenréttindakonur séð kristallast ólíkar hliðar á kúgun kvenna, kynferðislegar, lagalegar og pólitískar.²³

Laufey rakti sögu baráttunnar gegn tvöföldu siðgæði í erindi sínu. Hún ræddi samfélagslega stöðu enskra kvenna á tímum Josephine Butler, þar sem eina leið kvenna „til öryggis, vegs og virðingar“ hefði legið í gegnum hjónabandið. Fyrir giftinguna mátti enginn skuggi falla á þær siðferðislega en karlar gátu gert það sem þeir vildu og kynlífssala var „viðurkend atvinnugrein annara stúlkna, sem ofurseldar voru girndum karlmanna“. Óprúttir aðilar og í sumum tilvikum sjálf ríkisvaldið græddi á að ungar stúlkur leiddust út í vændi: „Um allan heim var verzláð með konur eins og munaðarvöru.“ Síðan lýsti Laufey þeim árangri sem Josephine Butler og stuðningsfólk hennar hefði náð með áratugalangri baráttu, svo sem að nú væri lituð á það sem glæp að hafa milligöngu um vændi og lögvernduð vændishús og þvingaðar læknisskoðanir á vændiskonum hefðu verið afnumdar. Laufey gerði jafnframt grein fyrir þeirri þróun sem orðið hefði á Norðurlöndunum.²⁴ Þar hafði um og eftir aldamótin 1900 verið tekin upp ný stefna í baráttunni gegn útbreiðslu kynsjúkdóma, að afnema ríkisstýrt vændi og setja lög sem beindust ekki sérstaklega að vændiskonum heldur skylduð alla sem fengu kynsjúkdóm til að leita sér læknishjálpar.²⁵

²² Karin Lützen, *Byen tæmmes*, bls. 247–259. Sjá einnig greinarnar í sérhefti *Women's History Review* 17:2/2008; Dagmar Herzog, *Sexuality in Europe. A Twentieth-Century History*, Cambridge: Cambridge University Press, 2011, bls. 9–15. Alþjóðleg barátta gegn mansali, eða „hvíttri þrælasölu“ eins og það var oft kallað, varð einnig hluti af hreyfingunni gegn ríkisstýrðu vændi.

²³ Petra de Vries, „Josephine Butler and the Making of Feminism. International Abolitionism in the Netherlands“, *Women's History Review* 17:2/2008, bls. 257–277, hér bls. 266–267.

²⁴ *Lbs.* B.31. Laufey Valdimarsdóttir. Útvarpserindi, ódagsett.

²⁵ Ida Blom, „From regulationism to the „Scandinavian *Sonderweg*““.

Loks beindi Laufey sjónum sínum að Íslandi og hernáminu. Hún sagðist ekki líta svo á að samskipti kvenna við hermenn þyrftu að brjóta í bága við þjóðerniskennd þeirra, enda væri „innsti og persónulegasti réttur hvers manns, karls eða konu, að velja sér vini.“ Kynni kvenna við setuliðsmenn, rétt eins og aðra menn, færu eftir „siðferðisþroska beggja, heilbrigði og heilindum í hugsun“. Laufey varaði við því að ungar stúlkur sem misstu fótanna væru dæmdar of hart, þar sem þær ættu sér þá enn síður viðreisnar von:

Ég trúi því fastlega að fylgja beri í þessum málum þeirri stefnu, sem ágætiskonur annara landa hafa fylgt og ég hefi gert að umtalsefni í þessu erindi, að krafist sé siðferðislegs jafnræðis karla og kvenna. Ég veit að viðreisn hvers og eins sem bílar í lífsbaráttunni er bundin því skilyrði að hann missi ekki trúna á manngildi sitt. Ég heiti því á fulltingi íslenzkra kvenna í þessum málum til þess að missa aldrei sjónir af manngildi þeirra stúlkna sem bílað hafa á hólminum í hinum ójafna leik konunnar við karlmanninn í þjóðfélagi, sem við konur höfum látið of afskiftalaust.²⁶

Þannig undirstrikaði Laufey manngildi „ástandsstúlkanna“ og setti hugsanleg feilspor þeirra í samhengi við valdaleysi þeirra gagnvart körlum.

Við vitum ekki hvað það var sem útvarpsráð vildi að Laufey breytti í erindinu svo það teldist flutningshæft. Krotað er í handritið með gráum og rauðum blýanti en ekki ljóst hvort um er að ræða hefðbundnar leiðréttingar höfundar í yfirlestri eða vísbendingar um þær breytingar sem útvarpsráð vildi láta gera. Ef til vill var það yfirlýsing eins og þessi sem körlunum í ráðinu þótti of róttæk: „Hér hefir aldrei átt sér stað skipulegt lauslæti eins og í öðrum löndum. Íslenzka konan hefir ekki selt sig, nema þegar hún hefir gert sér hjónabandið að atvinnu.“²⁷ Kannski var það hreinskiptin umræða Laufeyjar um vændi, kynsjúkdóma og kynlíf utan hjónabands eða einfaldlega afstaða hennar til samskipta kvenna við setuliðsmenn sem var ekki „á þeim grundvelli, sem útvarpsráði þætti hlýða“.²⁸

Íslenska kvennahreyfingin og siðferðismálin

Allt frá því að Laufey Valdimarsdóttir var ung stúlka var hún talskona frjálslyndis í siðferðismálum. Bríet Héðinsdóttir skrifaði síðar um þessa föðursystur sína að hún hefði verið „talsvert upptekin“ af hugmyndum um frjálsar ástir þegar hún

²⁶ Lbs. B.31. Laufey Valdimarsdóttir. Útvarpserindi, ódagsett.

²⁷ Sama heimild.

²⁸ ÞÍ. Ríkisútvarp AA/4. 1943–1949. Gerðabók Útvarpsráðs, bls. 21.

var við nám í Kaupmannahöfn sem ung kona.²⁹ Bríet segir líka að Laufey hafi setið fyrir nakin, eða að minnsta kosti ber að ofan, hjá listamanni þegar hún og móðir hennar, Bríet Bjarnhéðinsdóttir, ferðuðust á kvenréttindaping í Búdapest árið 1913 en þetta tiltæki hafi valdið móður hennar miklu hugarangri.³⁰ Bríet yngri rekur ýmis dæmi um togstreitu milli þeirra mæðgna, þar sem Bríet eldri lýsti áhyggjum af því að Laufey hegðaði sér of frjállega og sækti í vafasaman félagsskap karla og kvenna í Kaupmannahöfn en Laufey mótmælti siðferðisdómum móður sinnar fullum hálsi.³¹ Árið 1912 varði hún í *Kvennablaðinu* rétt kvenna til að reykja góðan vindling, drekka vín í hófi og ganga úti á kvöldin með ungum mönnum: „Við Íslendingar erum svo þunglamalegir, við eigum svo lítið af lífsgleði og fjöri, eigum stundum nærri erfitt með að skilja þetta, og finst það tómmt léttúð og daður.“³² Í bréfi til móður sinnar þakkaði Laufey „blessuðum kókettu reykvísu stúlkunum“ og skrifaði að þær væru „helstu fánaberar lífsgleðinnar heima“.³³

Bríet Bjarnhéðinsdóttir var reyndar ekki meðal hörðustu íhaldskvenna í siðferðismálum. Hún gagnrýndi til að mynda harðlega skrif bindindis- og KFUK-konunnar Ingibjargar Ólafsson í riti hennar um siðferðisástandið á Íslandi árið 1912. Þar lét Ingibjörg þung orð falla um óskírlifi Íslendinga, meðal annars hátt hlutfall óskilgetni í landinu. Bríet sagði alltítt að karl og kona byggju sem hjón alla ævi og lítið væri á þau sem slík þótt kirkjuvígsla hefði ekki farið fram en það hefði ekki í för með sér neina siðspillingu. Hún gagnrýndi líka það tvöfalda siðgæði sem birtist í tillögum Ingibjargar um að leitt yrði í lög að nöfn stúlkna sem höguðu sér ósiðlega og smituðust af kynsjúkdómum væru auglýst opinberlega. Karlar og konur yrðu að vera jöfn fyrir lögum, skrifaði Bríet.³⁴

Þegar Bríet gekkst fyrir stofnun Kvenréttindafélags Íslands árið 1907 var hún innblásin af hinum nýstofnuðu alþjóðasamtökum um kosningarétt kvenna, International Women Suffrage Alliance (IWSA), en Kvenréttindafélagið gekk í samtökin árið 1911.³⁵ Eftir því sem konur í fleiri þjóðlöndum öðluðust kosninga-

²⁹ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið. Bók um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur byggð á bréfum hennar*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2006, bls. 84.

³⁰ Sama heimild, bls. 230–231.

³¹ Sama heimild, sjá til dæmis bls. 164–166, 199–201.

³² Ragnheiður, „Svar til Hríslu“, *Kvennablaðið* 18:4/1912, bls. 26–27, bein tilvitnun bls. 27; Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, bls. 197–198.

³³ Bríet Héðinsdóttir, *Strá í hreiðrið*, bls. 197.

³⁴ Vilhelm Vilhelmsson, „„Lauslætið í Reykjavík.“ Umræður um siðferði, kynfrelsi og frjálsgar ástir á Íslandi við upphaf 20. aldar“, *Saga* 49:1/2011, bls. 104–131, hér bls. 119–128.

³⁵ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil. Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*, Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993, bls. 53–68; Auður Styrkárstöttir, „„Mér

rétt vikkadi IWSA út málefnskra sína og í umfjöllun *Kvennablaðsins* um þing þeirra í Búdapest árið 1913 kom fram að þar hefði meðal annars verið rætt um tvöfalt siðgæði og mansal.³⁶ Um málið hafði raunar verið fjallað í *Kvennablaði* Bríetar strax árið 1909 en þá birti hún grein eftir norska konu um mikilvægi þess að afnema „tvennskonar siðfræði“ í samfélaginu.³⁷ Þegar fyrri heimsstyrjöldin brast á varð hlé á þinghaldi IWSA en Laufey Valdimarsdóttir var fulltrúi Kvenréttindafélagsins á alþjóðþingum samtakanna í Genf árið 1920, París 1926 og Berlín 1929. Á hverju þingi voru ræddar og samþykktar ályktanir um baráttuna gegn tvöföldu siðgæði, ríkisstyrktu vændi og mansali.³⁸

Það var ekki aðeins á vettvangi IWSA sem íslenskar konur kynntust baráttunni gegn tvöföldu siðgæði. Enn eldri en IWSA voru alþjóðasamtökin International Council of Women (ICW), stofnuð árið 1888. Íslendingar urðu aðilar að þeim árið 1920 þegar Bandalag kvenna í Reykjavík gekk í ICW en það hafði verið stofnað þremur árum áður.³⁹ Formaðurinn Steinunn H. Bjarnason hafði sótt aukafund alþjóðasamtakanna í London árið 1919, þar sem „Sömu siðferðiskröfur til karla og kvenna“ voru eitt af fjórum málum á dagskrá.⁴⁰ Steinunn sótti þing ICW í Osló árið 1920 ásamt Ingu Láru Lárusdóttur en á þingi samtakanna í Washington árið 1925 voru fulltrúar Íslands þrjár. Siðferðismál voru á dagskrá beggja þinganna og fréttir af þeim voru fluttar í *19. júní*, sem Inga Lára ritstýrði.⁴¹

fannst eg finna sjálfa mig undireins og eg var laus við landann.“ Kvennabaráttan á Íslandi og alþjóðlegt samstarf“, *Saga* 50:1/2012, bls. 35–77, hér bls. 50–61, 67–71.

³⁶ Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Kvenréttindapingið í Búdapest“, *Kvennablaðið* 19:9/1913, bls. 67–69, hér bls. 68.

³⁷ M. Michelet, „Tvennskonar siðfræði“, *Kvennablaðið* 15:10/1909, bls. 73–75, hér bls. 75.

³⁸ *The International Women's Suffrage Alliance. Report of Eighth Congress, Geneva, Switzerland. June 6, 7, 8, 9, 10, 11, 12, 1920*, Manchester: The Hotspur Press, 1920, bls. 50–52; *The International Alliance of Women for Suffrage and Equal Citizenship. Report of Tenth Congress. Paris, France, May 30th to June 6th 1926*, London: The London Caledonian Press, 1926, bls. 37–37, 107–109; *The International Alliance of Women for Suffrage and Equal Citizenship. Report of the Eleventh Congress. Berlin, June 17th–22nd, 1929*, London: International Alliance of Women for Suffrage and Equal Citizenship, 1929, bls. 51–52, 197–200. Skýrslurnar eru í Kvennasögusafni.

³⁹ Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa*, bls. 328–329. Bandalagið gekk aftur úr ICW árið 1932.

⁴⁰ Sigríður Thorlacius, *Saga Bandalags kvenna í Reykjavík 1917–1977*, Reykjavík: Bandalag kvenna í Reykjavík, 1983, bls. 50.

⁴¹ St. H. Bjarnason, „Tillögur og ályktanir samþykta á sjötta þingi Alþjóðaráðs kvenna“, *19. júní* 4:5/1920, bls. 37–40; Inga L. Lárusdóttir, „Fundur I.C.W. í Washington 4.–14. maí 1925“, *19. júní* 8:6/1925, bls. 45–47, og 8:7/1925, bls. 54–56; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, „Hver var hún? Inga Lára Lárusdóttir og tímarit hennar 19. júní“, *Sagnir* 24/2004, bls. 26–35, hér bls. 27–28.

Alþjóðlega hreyfingin gegn tvöföldu siðgæði og ríkisstýrðu vændi var ekki einsleit. Þar blönduðust saman róttækar hugmyndir um kvenréttindi og íhaldsamari siðferðisleg fordæming á syndsamlegu líferni.⁴² Oft var fin lína milli viðleitni siðferðislegra umbótasinna til að vernda ungar stúlkur og viðleitni til að stjórna þeim.⁴³ Stundum voru mótsagnir í málflutningnum, til dæmis í fyrirnefndu riti Ingibjargar Ólafsson, en hún hafði sjálf unnið með samtökum á Norðurlöndunum sem börðust gegn mansali og héldu úti hjálparstarfsemi við „siðspilltar konur“.⁴⁴ Á einum stað gagnrýndi Ingibjörg hvernig karlar kæmust upp með framferði sem konur væru dæmdar hart fyrir en strax á næstu opnu lagði hún til að nöfn ósiðsamra kvenna væru auglýst opinberlega – án þess að minnast orði á karlmennina.⁴⁵ Einnig má benda á frægan fund Bandalags kvenna í Reykjavík um siðferðismál árið 1921, þar sem skorað var á Alþingi að láta semja lög „er gefi lögreglunni vald til að hindra ferðir kvenna í skip“, í því skyni að koma í veg fyrir of frjálseg samskipti þeirra við aðkomusjómenn.⁴⁶ Þótt forsvarskonur Bandalagsins sæktu á þessum árum alþjóðþing kvenréttindakvenna þar sem tvöfalt siðgæði var gagnrýnt var slík áskorun, sem í nafni siðgæðis og verndar miðaði að því að hefða ferðafrelsi kvenna eingöngu, samþykkt að því er virðist ágreiningslaust á fundinum.

Í málflutningi kvenréttindakvenna á fyrri hluta 20. aldar fléttuðust saman jafnræðisrök, sem byggðu á því að konur væru jafningjar karlmannna og ættu þess vegna að hafa jöfn réttindi við þá, og mismunar- eða sérstöðurök, sem byggðu á því að konur væru öðruvísi en karlar og hefðu ákveðna kvenlega eiginleika sem veittu þeim erindi út á hið opinbera svið. Þar var iðulega vísað til meintra siðferðislegra yfirburða kvenna. Á millistríðsárunum styrktust íhaldssöm viðhorf í sessi og aukin áhersla var lögð á eðlislægan kynjamun og hlutverk kvenna sem mæður og húsmæður. Eftir því sem leið á þriðja áratuginn olli togstreitan milli þeirra kvenna sem lögðu áherslu á jafnræði kynjanna og þeirra sem héldu fram

⁴² Petra de Vries, „Josephine Butler and the Making of Feminism“, Dagmar Herzog, *Sexuality in Europe*, bls. 9–15; Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society. The Regulation of Sexuality since 1800*, 3. útgáfa, London og New York: Routledge, 2012, bls. 100–112.

⁴³ Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 108.

⁴⁴ Ingibjörg Ólafsson, *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi*, Reykjavík: höfundur, 2012, bls. 24–25; Ingibjörg Ólafsson, „Olnbogabörn mannfélagsins“, *Bjarni* 4:7/1910, bls. 54–55, 4:9/1910, bls. 68–70, og 4:10/1910, bls. 78–79.

⁴⁵ Ingibjörg Ólafsson, *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi*, bls. 34–36.

⁴⁶ „Siðferðismál“, *19. júní* 5:3/1921–1922, bls. 18–21, hér bls. 20. Sigfús Halldórs frá Höfn um notaði lýsandi orðalag um þetta síðar, þegar hann skrifaði að bæjarstjórnin hefði samþykkt „að herða á eftirliti með ferðum manna – þ. e. a. s. kvenna“ í skip á nóttunni. Sjá Sigfús Halldórs frá Höfn, „Kaflar úr útvarpsrerindum“, bls. 332.

öðru fram húsmóðurhlutverkinu æ djúpstæðari klofningi í íslensku kvennahreyfingunni. Flaggskipin voru annars vegar hið íhaldssama Kvenfélagasamband Íslands og hins vegar Kvenréttindafélag Íslands, þar sem mæðgurnar Bríet Bjarnhéðinsdóttir og Laufey Valdimarsdóttir töluðu á grundvelli jafnræðis kynjanna.⁴⁷ Sigríður Matthíasdóttir undirstrikar þó að hugmyndin um siðferðisstyrk kvenna og hlutverk þeirra í stuðningi við börn og gamalmenni, sjúka og bágstadda hafi gegnsýrt kvennahreyfinguna í heild sinni á millistríðsárunum.⁴⁸

Ein birtingarmynd þess hvernig konur nýttu sér slíkar hugmyndir til að gera sig gildandi á fleiri sviðum þjóðfélagsins var áhuginn innan kvennahreyfingar millistríðsáranna, ekki síst Bandalags kvenna í Reykjavík, á því að kona yrði ráðin til lögreglunnar í Reykjavík. Eins og Agnes Jónasdóttir skrifar störfuðu kvenlögregluþjónar erlendis gjarnan „á mörkum löggæslu og félagsráðgjafar“, einkum í sambandi við konur og börn.⁴⁹ Umræðan um starfssvið íslenskrar kvenlögreglu var á svipuðum nótum; hún skyldi sinna eftirliti með börnum og unglíngum en jafnframt töldu margir sjálfsagt að hún fylgdist með siðferðismálum. Vilmundur Jónsson landlæknir leit svo á að eitt hlutverk kvenlögreglunnar yrði að hafa eftirlit með „lauslátu kvenfólki“. ⁵⁰ Í Kvenréttindafélaginu lagði Laufey Valdimarsdóttir hins vegar áherslu á að hún vildi ekki „koma upp „siðferðislögreglu“, sem væri ekki einkennisklædd og starfaði að því að njósna um siðferði annarra kvenna“.⁵¹

Sigríður Matthíasdóttir setur klofning kvennahreyfingarinnar í samhengi við hugmyndafræðilega gerjun millistríðsáranna, þar sem þjóðernisleg íhaldssemi varð ráðandi með áherslu á velferð þjóðarheildarinnar umfram einstaklinginn.⁵² Hluti af hinni þjóðernislegu íhaldssemi fólst í áherslu á hefðbundin kynhlutverk, þar á meðal móðurhlutverkið sem æðsta hlutverk hverrar konu, en í krafti þess höfðu konur skyldum að gegna við varðveislu þjóðernisins og þjóðlegs siðferðis.⁵³ Þessi viðhorf urðu mjög áberandi í ástandsumræðunni á stríðsárunum.

⁴⁷ Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sannri Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900–1930*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2004, bls. 181–183, 220–221, 245–355.

⁴⁸ Sama heimild, bls. 250–251.

⁴⁹ *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?“, bls. 41.

⁵⁰ *Lbs.-Hbs.* Atli Björn Jóhannesson, „Kvenlögregla og siðferðismálin. Umræður 1900–1940“, BA-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2020“, bls. 24–40.

⁵¹ *Lbs.* B.31. Laufey Valdimarsdóttir. Ótitluð greinargerð, 22. júní 1945. Bein tilvitnun er skáletruð í heimild.

⁵² Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sannri Íslendingur*, bls. 115–162.

⁵³ Sama heimild, bls. 247. Þetta snerist ekki aðeins um varðveislu menningar og siðferðis heldur voru konur beinlínis álitnar eins konar „líffræðileg auðlind“, eins og Unnur Birna Karlsdóttir orðar það, sem mikilvægt væri að fæddu af sér „hreinræktuð“ íslensk börn,

Hugmyndin um eðlislægan siðferðisstyrk kvenna gat skotið stoðum undir kröfur þeirra um þátttöku og völd í opinberu lífi en henni mátti einnig beita gegn konum ef þær höguðu sér ekki eins og ætlast var til.⁵⁴

Siðsamar konur og ósiðsamar

Þótt baráttukonur gegn tvöföldu siðgæði á 19. öld og fyrstu áratugum 20. aldar nálguðust málstaðinn á ólíkum forsendum var ríkjandi afstaða ekki sú að yfirfæra ætti frjálsræði karlanna yfir á konur heldur að gera skyldi strangari kröfur til karla, um sams konar sjálfstjórn í kynferðismálum og konum var ætlað að sýna – það er að segja að þeir lifðu skírlífi fram að giftingu. „Kosningarétt fyrir konur, skírlífi fyrir karla“, var slagorð bresku súffragettunnar Christabel Pankhurst á öðrum áratug 20. aldar.⁵⁵ Þannig var til dæmis tekið fram í ályktunum alþjóðþings IWSA um „siðferðisspurninguna“ árið 1923 að þótt þingið styddi kynfræðslu fyrir bæði pílta og stúlkur væri það mótfallið opinberri dreifingu á forvarnameðulum við kynsjúkdómum, það er lyfjum á borð við sýklaeyðandi sápu.⁵⁶ Það þótti óásættanlegt frá siðferðislegu sjónarmiði, þar sem þá væri fólki í raun gert kleift að stunda kynlíf utan hjónabands án afleiðinga og þannig horfið frá kröfunni um að fyrir giftingu skyldu bæði karlar og konur lifa skírlífi.⁵⁷

Sama afstaða kemur fram í skrifum um tvöfalt siðgæði í kvennablaðinu *19. júní*. „Vér verðum að halda fram jöfnum siðferðiskröfum fyrir alla og því, að á þeim sé hert en eigi slakað til“, var haft eftir frönsku baráttukonunni Ghénia Avril de Sainte-Croix í *19. júní* eftir för Ingu Láru Lárusdóttur á þing ICW í Osló árið 1920.⁵⁸ Inga Lára gerði tvöfalda siðgæðið líka að umræðuefni í pistli um skrif ítölsku fræðikonunnar Ginu Lambroso árið 1927 en Aðalbjörg Sigurðardóttir hafði þá komið af stað nokkru fjaðrafoki innan kvannahreyfingarinnar með fyrirlestri um íhaldssamar hugmyndir Lambroso um „sálarlíf konunnar“. Samkvæmt Ingu Láru aðhylltist Lambroso ríkisstýrt vændi og þá hugmynd að

í skilningi þeirra mannkynbótahugmynda sem voru útbreiddar á þessum tíma. Þetta birtist meðal annars skýrt í kröfum íslenskra stjórnvalda um að svartir hermenn yrðu ekki í bandaríska setuliðinu hér á landi, af ótta við að þeir gætu eignast börn með íslenskum konum. Sjá Unnur B. Karlsdóttir, *Mannkynbætur. Hugmyndir um bætt kynstofna hérlendis og erlendis á 19. og 20. öld*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan, 1998, bls. 105–111.

⁵⁴ Inga Dóra Björnsdóttir, „Public view and private voices“, bls. 108–109.

⁵⁵ Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 209–210.

⁵⁶ *The International Women's Suffrage Alliance. Report of Ninth Congress*, bls. 72–73.

⁵⁷ Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 274–275.

⁵⁸ „VI. fundur Alþjóðaráðs kvenna í Kristjaníu 8.–18. sept. 1920“, *19. júní* 4:6–7/1920–1921, bls. 46–49, hér bls. 47–48.

sumar konur væru einfaldlega fæddar „til þess að verða skækjur“ og taldi það „naudsynlega varnarráðstöfun fyrir hinn flokkinn“, það er siðsamar konur. Inga Lára mótmælti því eindregið að baráttan fyrir tvöföldu siðgæði gengi út á siðferðislega upplausn eins og Lambroso héldi fram; þvert á móti miðaði hún að hærri siðferðiskröfum fyrir alla.⁵⁹

Það var útbreitt viðhorf að kynhvöt kvenna og karla væri af ólíkum toga. Kynhvöt karla var talin miða að kynferðislegri fullnægju en kynhvöt kvenna fyrst og fremst að því að verða móðir. Jafnvel þótt margir viðurkenndu getu kvenna til að hafa ánægju af kynlífi áttu flestir erfitt með að sjá fyrir sér sjálfstæða kynhvöt konunnar, óháða karlinum.⁶⁰ Vilhelm Vilhelmsson skrifar að róttækra hugmynda um frjálssar ástir hafi séð lítinn stað á Íslandi á fyrstu tveimur áratugum 20. aldar og nefnir nokkrar mögulegar skýringar, svo sem lítið sýnilegt vændi, síðbúið landnám sósíalismsans og áhrif kristilegra siðgæðishugmynda á íslenskar kvenréttindakonur.⁶¹ Kvenréttindakonur víða um lönd voru tvístígandi þegar kom að tengslum kynlífs og kvenfrelsis. Jeffrey Weeks skrifar um leiðtoga bresku kvenréttindahreyfingarinnar að margar þeirra hafi óttast að róttækur málflutningur á því sviði gæti grafið undan „virðulegri“ baráttumálum. Þær hafi jafnframt verið meðvitaðar um að neikvæðar afleiðingar kynlífs utan hjónabands bitnuðu harðar á konum en körlum, svo sem óvelkomnar þunganir og kynsjúkdómasmit.⁶² Ástralski fræðimaðurinn Marilyn Lake skrifar að á árum síðari heimsstyrjaldarinnar hafi þarlendar kvenréttindakonur lagt áherslu á að vernda konur fyrir kynferðislegri ásælni karla. Þær hafi ekki séð frjálssar ástir fyrir sér sem þátt í jafnrétti kynjanna; þvert á móti töldu þær að efnahagslegt jafnrétti við karlmenn myndi leysa konur undan áþján þess að vera kynverur.⁶³

Á millistríðsárunum varð þó algengara að talað væri á jákvæðan hátt um kynlíf sem þýðingarmikinn þátt í farsælu hjónabandi, sem bæði karl og kona ættu að njóta, og aukin áhersla var lögð á mikilvægi kynfræðslu.⁶⁴ Á Íslandi hófst útgáfa kynfræðslubóka og tóku menntakonur virkan þátt í að þýða og skrifa slíkar bækur. Einna þekktast er ritið *Frjálssar ástir. Erindi um takmarkanir barneigna*,

⁵⁹ „Gina Lombroso“, 19. júní 10:9–10/1927, bls. 150–151, hér bls. 151. Um fyrirlestur Aðalbjargar og viðbrögðin við honum, sjá Sigríður Matthíasdóttir, *Hinn sanni Íslendingur*, bls. 264–269.

⁶⁰ Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 47–55, 188–191, 210.

⁶¹ Vilhelm Vilhelmsson, „Lauslætið í Reykjavík“, bls. 129–130.

⁶² Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 206–212.

⁶³ Marilyn Lake, „Female Desires. The Meaning of World War II“, *Feminism and History*, ritstjóri Joan Wallach Scott, Oxford og New York: Oxford University Press, 1996, bls. 429–449, hér bls. 441–442.

⁶⁴ Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 254–256, 262–264, 269–270, 301–306.

sem Katrín Thoroddsen lækniur flutti sem fyrirlestur og gaf út árið 1931.⁶⁵ Ári áður hafði Katrín verið framsögumaður á fundi um siðferðismál sem Mæðrastyrksnefnd og Kvenréttindafélag Íslands skipulögðu, þar sem meðal annars var samþykkt ályktun um kynfræðslu í skólum.⁶⁶ Konur tóku líka virkan þátt í umræðu um lagasetningu um fóstureyðingar og getnaðarvarnir. Kvenréttindafélagið lýsti sig hlynnt lögum sem heimiluðu læknum að rjúfa þungun ef heilsa móðurinnar var í hættu en Ljósmaðrafélag Íslands var mótfallið þeim, sem og eina konan á þingi, Guðrún Lárusdóttir. Kvenstúdentafélag Íslands ályktaði að hver kona ætti að ráða því sjálf hvort hún yrði móðir.⁶⁷ Aukið frjálshyndi í kynferðismálaumræðu millistríðsáranna sneri þó fyrst og fremst að kynlífi hjóna. Enn var lítið ströngum augum á frávik frá hinu gagnkynhneigða normi og kynlíf utan hjónabands.⁶⁸

Á Íslandi voru barneignir ógiftra kvenna augljósasta birtingarmynd kynlífs utan hjónabands en réttindi einstæðra mæðra voru á stefnuskrá Kvenréttindafélags Íslands frá upphafi. Meðal annars fyrir þrýsting frá félaginu voru sett ný lög um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna árið 1921, þar sem mæðrum þessara barna var tryggt meðlag af opinberu fé lægi meðlagsúrskurður fyrir. Árið 1928 hafði Kvenréttindafélagið frumkvæði að því að fulltrúar ólíkra kvenfélaga stofnuðu Mæðrastyrksnefnd, sem veitti einstæðum mæðrum stuðning og vann að réttindum þeirra. Laufey Valdimarsdóttir var fyrsti formaður nefndarinnar en hún hafði verið formaður Kvenréttindafélagsins frá 1927.⁶⁹ Í skjalasafni Mæðrastyrksnefndar er að finna fjöldamörg bréf sem lýsa erfiðum kjörum einstæðra mæðra á fjórða og fimmta áratug 20. aldar, hvort sem þær höfðu misst eiginmenn sína eða skilið við þá, eignast börn í lausaleik eða með mönnum sem þær voru í föstu sambandi við en sem hlupust á brott eftir að börnin fæddust.⁷⁰

Í grein um för sína á alþjóðþing IWSA í París árið 1926 skrifaði Laufey Valdi-

⁶⁵ Kristín Svava Tómasdóttir, *Stund klámsins. Klám á Íslandi á tímum kynlífsblytingarinnar*, Reykjavík: Sögufélag, 2018, bls. 101, 103–104.

⁶⁶ „Hvað er að fréttu?“ *Alþýðublaðið* 12. apríl 1930, bls. 3; „Mikilvægasta málið“, *Morgunblaðið* 3. júní 1930, bls. 2.

⁶⁷ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 199–201.

⁶⁸ Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 262–263.

⁶⁹ Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 179–186. Laufey vann einnig að mál-efnum einstæðra mæðra sem formaður Mæðrafélagsins, sem stofnað var árið 1935. Sjá sömu heimild, bls. 186–189.

⁷⁰ KSS. (Kvennasögusafn Íslands) 12. Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur. Askja 472. Bréf 1938–1941. Um meðlagsmál á millistríðsárunum sjá einnig *Lbs.-Hbs.* Lóa Björk Kjartansdóttir, „Hver á barnið?“ Barnsfaðernisdómar í Reykjavík á millistríðsárunum, mikilvægi meðlagsúrskurða fyrir einstæðar mæður og barnsfaðernisdómar sem heimild um kynhegðun“, BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 2022.

marsdóttir að hún hefði sjálf tekið til máls í umræðum um rétt ógiftra mæðra og barna þeirra; „ég gat ekki stílt mig um að segja frá því hvernig íslenskar konur litu á það mál, ég held að hvergi í heiminum sé almenningsálitið heilbrigðara á því sviði en einmitt hér“. Í kjölfarið hefði verið samþykkt frjálslyndari tillaga um málið en búist var við, sem Laufey taldi ekki útilokað að hefði verið vegna athugasemda hennar.⁷¹ Laufey lýsti svipaðri skoðun síðar, þegar hún skrifaði að á Íslandi hefðu menn „ekki lítulsvirt stúlkur, þótt þær ættu börn ógiftar, ef þær hafa að öðru leyti reynst þeim vel“ og auk þess hefði iðulega verið litið á óvígða sambúð sem jafngilda hjónabandi.⁷² Orð hennar bergmála skrif Bríetar Bjarnhédinsdóttur um óvígða sambúð 30 árum fyrr. Heimildum ber þó ekki saman um umburðarlyndi gagnvart konum sem eignuðust börn utan hjónabands og Laufey sjálf talaði ekki alltaf jafn afdráttarlaust um það. „Það er eins og almenn-ingur skilji bezt kjör ekkna og hafi mesta samúð með þeim“, skrifaði hún um ólíka skjólstaðingahópa Mæðrastreksnefndar árið 1944, það er andstætt ógiftum og fráskildum mæðrum.⁷³ Sigríður Einars skrifaði í *Mæðrablaðið* að ógiftar mæður lifðu ekki aðeins við bág efnaleg kjör, heldur hefðu þær „oftast áður fengið að súpa hinn beiska bikar sársauka, vonbrigða og smánar, sem undantekningarlítið fellur í hlut sérhverrar stúlku, sem eignast barn utan hjónabands.“⁷⁴ Aðalheiður Hólm Spans, sem settist í Mæðrastreksnefnd fyrir hönd Verkakvennafélagsins Sóknar undir lok fjórða áratugarins, lagði líka áherslu á niðurlægingu þeirra kvenna sem eignuðust barn í lausaleik; „þær urðu annars flokks manneskjur“.⁷⁵

Í endurminningum Aðalheiðar er að finna athyglisverða lýsingu á starfi Mæðrastreksnefndar og formannsins Laufeyjar Valdimarsdóttur. Aðalheiður segir að í nefndinni hafi mæst tveir straumar:

Annars vegar góðgerðarstarf sem spurði ekki um sjálfstæði þeirra sem verið var að hjálpa. Hins vegar var þar unnið markvisst að því að breyta þjóðfélaginu með því að hafa áhrif á löggjöfina og reyna að gera hana mannúðlegri. Þennan sundurleita hóp leiddi Laufey í svo meistaralegum línudansi að ég hef sjaldan kynnst öðru eins. Hún lét alla njóta sannmælis og sjálf sinni hún báðum þáttum starfsins jöfnum höndum. Samfylking þessara mörgu kvenfélaga var henni keppikefli og mikið lagði hún á sig til að raska ekki jafnvæginu milli kvenna með

⁷¹ L.V., „Þing alþjóðasambands kvenréttindafélaganna“, *19. júní* 9:9/1926, bls. 65–66, hér bls. 65.

⁷² *Lbs.* B.31. Laufey Valdimarsdóttir. Útvarpserindi, ódagsett.

⁷³ Laufey Valdimarsdóttir, „Mæðralaun“, *Mæðrablaðið* 2/1944, bls. 10–11, hér bls. 10.

⁷⁴ Sigríður Einars, „Mæðravernd“, *Mæðrablaðið* 3/1945, bls. 7 og 13, hér bls. 7.

⁷⁵ Þorvaldur Kristinsson, *Véistu ef þú vinn átt*, bls. 130.

ólík sjónarmið. En því er ekki að neita að oft þurfti hún að verja skjólstæðinga sína fyrir nefndinni og oft var deilt í hornum. ... Hún gat stundum brugðið brún á fundi, sérstaklega ef henni þótti talað niður til skjólstæðinga sinna og það gerðist oft. Sumar samstarfskonur mínar í Mæðrastyrksnefnd töldu sig nefnilega afskaplega fullkomnar.⁷⁶

Þannig lýsir Aðalheiður samspili hefðbundnara góðgerðastarfs annars vegar, á forsendum borgaralegs siðgæðis og ákveðinnar forsjárhyggju gagnvart fátækum, einstæðum (líklega sérstaklega ógiftum) mæðrum, og hins vegar róttækari kjara-baráttu á grundvelli almennra mannréttinda. Óhætt virðist að líta svo á að Laufey Valdimarsdóttir hafi aðhyllt síðarnefndu nálgunina, þótt hún ynni að því að leiða þessa tvo hópa saman.

Áhyggjur af firjalslegri kynhegðun ungra, ógiftra kvenna í Reykjavík, ekki síst kvenna af lægri stéttum, höfðu látið á sér kræla frá því að bærinn fór að stækka fyrir alvöru á síðari hluta 19. aldar. Þar á meðal var rætt um hvernig mætti koma í veg fyrir samskipti kvenna við erlenda sjómenn, til að verja almennt siðgæði og hindra útbreiðslu kynsjúkdóma. Kynsjúkdómar og vændi voru álitin nátengd fyrirbæri og iðulega var gert ráð fyrir því að konur sem smituðust af kynsjúkdómum væru vændiskonur.⁷⁷ Heimildir segja vissulega frá konum sem seldu kynlíf eða voru taldar selja kynlíf í Reykjavík á fyrstu áratugum 20. aldar.⁷⁸ Vændi var hins vegar ekki ríkisstýrt og undir eftirliti eins og víða erlendis. Hugtakanotkun var jafnframt nokkuð á reiki. Á millistríðsárunum voru orð eins og „saurlifnaður“ og „lauslæti“ gjarnan notuð til að lýsa kynlífssölu.⁷⁹ Þessi hugtök hafa þó gegnum tíðina einnig verið notuð um kynhegðun sem þótti einfaldlega ósiðsamleg, þótt kynlífið færi ekki fram gegn greiðslu, og orðið „lauslæti“ hefur sérstök hugrenningatengsl við dóma yfir kynhegðun kvenna.

Málið snýst ekki aðeins um óljósa orðanotkun, heldur voru ekki endilega dregin skýr mörk milli ósiðsemi þeirrar konu sem seldi mönnum kynlíf og ósiðsemi þeirrar konu sem svaf hjá mörgum mönnum án þess að taka fyrir það greiðslu; allt kynlíf utan hjónabands var lítið hornauga og lagt að jöfnu. Í skrifum fræðimanna um viðbrögð við samneyti ástralskra og þýskra kvenna við erlenda hermenn í og upp úr seinni heimsstyrjöld hefur verið lögð áhersla á

⁷⁶ Sama heimild, bls. 134.

⁷⁷ Þorsteinn Vilhjálmsson, „Kaupstaðasótt og freyjufár. Orðræða um kynheilbrigði og kynsjúkdóma í Reykjavík 1886–1940“, *Saga* 57:2/2019, bls. 83–116.

⁷⁸ Sjá til dæmis sömu heimild, bls. 91–96; Kristín Svava Tómasdóttir, *Farsótt. Hundrað ár í Þingholtsstræti 25*, Reykjavík: Sögufélag, 2022, bls. 11–15, 151–152.

⁷⁹ Sjá til dæmis „VI. fundur Alþjóðaráðs kvenna í Kristjáníu 8.–18. sept. 1920“, *19. júní* 4:6–7/1920–1921, bls. 46–49; „Verzlun með konur og börn“, *19. júní* 11:6/1928, bls. 84–86.

aðstæðubundna skilgreiningu vændis, þar sem peningagreiðslan var ekki aðalatriðið heldur að kona hegðaði sér á hátt sem þótti á einhvern hátt siðferðislega varasamur. Raunar lýstu yfirvöld sérstökum áhyggjum af hættunni á því að konur sem væru ekki vændiskonur heldur „bara lauslátar“ breiddu út kynsjúkdóma, þar sem erfiðara væri að fylgjast með þeim. Viðbrögðin fólust ekki síst í eftirliti með og aðgerðum gegn ungum konum í almennarýminu, til dæmis konum sem leyfðu sér að sækja dansstaði og kaffihús á kvöldin. Í mörgum löndum kom fyrir hugmyndin um „áhugavændiskonuna“ (e. *the amateur; the amateur prostitute*), sem var með mörgum karlmönnum án þess að taka fyrir það peninga og flækti þannig eða forsmáði mörkin milli hinnar ósiðavöndu konu og hinnar siðavöndu.⁸⁰

Í íslensku samhengi má benda á fjölmiðlaumfjöllun um atburð sem átti sér stað sumarið 1939. Þá fóru fjórar ungar stúlkur um borð í pólskan togara í Reykjavíkurbíó og þáðu ávexti og áfengi af sjómönnum. Tvær þeirra sátu síðan um borð fram eftir nóttu. Þegar þær hugðust yfirgefa skipið undir morgun var skipstjóri ósáttur við það og var lögregla að lokum kölluð til vegna átaka hans og tveggja skipverja við stúlkurnar á hafnarbakkanum. Augljóst virðist af frásögn blaðanna að sjómennirnir hafi ætlað sér að beita stúlkurnar ofbeldi en þó var hegðun stúlkanna ekki síður fordæmd.⁸¹ Í viðtali við Þjóðviljann sagði Sigurður Magnússon rannsóknarlögreglumadur að ekki væri mikið um „beina kvennasölu (prostitution)“ í Reykjavík en margar stúlkur hefðu ankannalegar hugmyndir um það sem væri „sæmilegt eða ósæmilegt í umgengni stúlkna við ókunnuga karlmenn“. Hann taldi augljóst að erlendir sjómenn sem sæju stúlkur „dingla hálffullar úti á næturnar“ í fylgd með pilti skildu það sem svo að þær væru vændiskonur, hvað þá þegar þær tækju vel í að fara með þeim um borð í skip. Stúlkurnar áttuðu sig ekki á að slík „skyndivinátta“ tíðkaðist ekki annars staðar „nema hjá kvenfólki, sem er ómerkileg og ódýr verslunarvara“.⁸² Greinarahöfundur í *Vísu*, sem vísaði til orða Sigurðar, skrifaði að framtíð æskunnar væri í voða „vegna þess að hin „óbeina prostitution“, sem kannske er fult svo hættuleg og hin „beina“ fer þá hraðvaxandi.“⁸³ Þetta kallast á við erlenda umræðu um

⁸⁰ Marilyn Lake, „Female Desires“, bls. 429–449; Michaela Freund, „The Making of Prostitutes. Hamburg’s Fight Against Prostitution, 1945–1956“, *Sex, State and Society. Comparative Perspectives on the History of Sexuality*, ritstjóri Lars-Göran Tedebrand, Umeå: Nyheternas Tryckeri KB i Umeå, 2000, bls. 269–283. Sjá einnig Jeffrey Weeks, *Sex, Politics and Society*, bls. 264–265.

⁸¹ „Handarlögmál á hafnarbakkanum á milli pólskra sjómanna og íslenskra stúlkna“, *Vísir* 1. júní 1939, bls. 3; „Á glapstigu“, *Morgunblaðið* 3. júní 1939, bls. 5.

⁸² „Afbrot æskunnar við þjóðfélagið og afbrot þjóðfélagsins við æskuna“, *Þjóðviljinn* 6. júní 1939, bls. 2.

⁸³ R, „Stúlkurnar við höfnina“, *Vísir* 14. júní 1939, bls. 3.

„áhugavændiskonur“ og hin viðkvæmu mörk siðsemi og ósiðsemi en slær líka tóninn fyrir það sem koma skyldi eftir hernám landsins.

„*Það ekki góðum sonum semir að syngja hátt um þá sem falla*“

Haustið 1939 hófst síðari heimsstyrjöldin í Evrópu og þann 10. maí 1940 var Ísland hernumið af Bretum. Svo að segja um leið hófst tilfinningaþrungin umræða um samskipti kvenna við setuliðsmenn og hvað þau gætu haft í för með sér fyrir framtíð íslenskrar þjóðmenningar.⁸⁴ Ýmsar tillögur um viðbrögð við ástandinu minna á það fyrirkomulag ríkisstýrðs vændis sem baráttukonur erlendis höfðu gagnrýnt frá því á 19. öld, þar sem konur sem voru á mistraustum forsendum grunaðar um að selja kynlíf voru hafðar undir eftirliti og ferðafrelsi þeirra heft. Vilmundur Jónsson landlæknir lagði til dæmis til að fullorðnar vændiskonur og stúlkur undir lögaldri sem væru komnar á glapstigu yrðu fluttar burt úr bænum og hafðar þar undir eftirliti.⁸⁵ Á sama tíma og „lauslæti eða siðleysi kvenna var fordæmt og talið jafngilda ætjarðarsvikum var vændi opinberlega samþykkt sem nauðsynleg, eða að minnsta kosti sanngjörn, uppbot fyrir hermenn“, skrifar Bára Baldursdóttir í samhengi fyrri heimsstyrjaldar.⁸⁶ Það var oftast en einu sinni lagt til sem lausn á vanda hernámsáranna á Íslandi að herstjórnin sei til þess að þörfum hermanna væri fullnægt með innflutningi á erlendum vændiskonum.⁸⁷

Vilmundur Jónsson taldi að til væri tvenns konar afstaða til ástandsins. Annars vegar væri „læknisafstaðan“, sem hann sjálfur aðhylltist: „Þá er lituð á vandann eins og hættulegan sjúkdóm eða skæðan faraldur, sem ástæða sé til að beita sóttvörnum gegn. Er þá ekki krafizt annars en rökstuddra grunsemda um yfirvofandi hættu og talið sjálf sagt að gera heldur meira en minna til að afstýra voðanum.“⁸⁸ Þetta var einnig viðhorf Jóhönnu Knudsen, sem líkti ástandinu við plágu eða farsótt og „ástandsstúlkunum“ við sjúklinga með smitandi sjúkdóm.⁸⁹ Hin afstaðan til ástandsins sem Vilmundur lýsti var aftur á móti eins konar lögfræðileg afstaða: „Er þá lituð á misfellurnar eins og afbrot eða glæpi, sem ekki megi telja, að hafi gerzt, hvað þá bendla nokkurn við, nema rökheldar sannanir séu fyrir hendi um

⁸⁴ Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Hún var með eldrauðar neglur og varir“, bls. 58–59.

⁸⁵ Vilmundur Jónsson, „Hernám og unglingavernd. Tvö embættisbréf“, *Heilbrigðisskýrslur* 1940, bls. 197–208, hér bls. 199–201. Sjá einnig: *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?“, bls. 70.

⁸⁶ Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fegnar skifta um þjóðerni“, bls. 307.

⁸⁷ Sama heimild, bls. 304–305.

⁸⁸ Vilmundur Jónsson, „Hernám og unglingavernd“, bls. 204.

⁸⁹ Jóhanna Knudsen, „Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?“, *Morgunblaðið* 30. desember 1943, bls. 4–5; „Tómblæti um vernd ungmenna“, *Morgunblaðið* 16. janúar 1945, bls. 5.

ákveðin tilfelli. Allar ráðstafanir virðast síðan eiga að miðast við regluna: heldur að sýkna tíu seka en dómfella einn saklausan.“ Þessi afstaða sagði Vilmundur að hefði átt allmiklu fylgi að fagna, „ekki sízt meðal kvenþjóðarinnar.“⁹⁰

Í augum þeirra sem mestar áhyggjur höfðu af samskiptum kvenna við setuliðsmenn voru hversdagslegustu dæmi um slíkt grunsamleg og þurftu lítið til að konur væru álitnar lausar í rásinni, jafnvel vændiskonur.⁹¹ Í því ljósi er kaldhæðnislegt að eitt stef í umræðunni var að íslenskar konur sjálfar þekktu ekki muninn á heiðvirðri konu og vændiskonu.⁹² Í útdrætti úr skýrslu ástandsnefndarinnar sem birtur var í *Morgunblaðinu* kom fram að þrátt fyrir allt væru stúlkur sem seldu hermönnum kynlíf í minnihluta

og kemur víða fram sú skoðun þeirra, að *þetta sje ekki þess vart* [svo]. Þess verður líka víða vart, að þótt sama stúlkun hafi haft mök við fleiri en einn hermann í einu, finnst henni þá fyrst sóma sínum misboðið, er henni er boðin borgun. ... Munurinn á siðlegri konu og vændiskonu er því, að dómi fjölmargra reykvískra kvenna, ekki siðferðilegur heldur fjárhags- eða atvinnulegur.⁹³

Hér birtist aftur hugmyndin um „áhugavændiskonuna“, konuna sem hunsaði mörkin milli siðsemi og ósiðsemi með því að eiga í skyndikynnum, jafnvel við fleiri en einn karlmann. Annað stef í umræðunni var að íslenskar konur hegðuðu sér á ósæmilegan hátt, til dæmis með því að fara inn í hermannaskála af forvitni eða sækja dansstaði einsamla, og þættust svo furðu lostnar þegar hermennirnir héldu að þær væru vændiskonur.⁹⁴ Gefið var til kynna að sá skilningur hermanna væri sjálfsgæður og konurnar gætu sjálfum sér um kennt ef þær lentu í vandræðum.

Konur tjáðu sig um ástandsmálin á opinberum vettvangi frá upphafi og gagnrýndu iðulega hræsni hins tvöfalda siðgæðis sem birtist í ástandsumræðunni. „Væri ... fróðlegt að heyra þau rök, er að því hníga, að íslenzkt kvenfólk sé svo miklu óskírlífara en karlmenn landsins, að það beri að svipta það

⁹⁰ Vilmundur Jónsson, „Hernám og unglíngavernd“, bls. 204. Vilmundur kallar þetta sjálfur „dómaraafstöðuna“.

⁹¹ Sjá til dæmis Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Hún var með eldrauðar neglur og varir““, bls. 65–66.

⁹² Herdís Helgadóttir, *Úr fjötrum*, bls. 243; Bára Baldursdóttir, „Þær myndu fagnar skifta um þjóðerni““, bls. 308; Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Hún var með eldrauðar neglur og varir““, bls. 70.

⁹³ „Skuggalegar myndir af siðferði reykvískra kvenna“, *Morgunblaðið* 28. ágúst 1941, bls. 5. Skálettraður texti er feitletraður í heimild.

⁹⁴ Sama heimild; Sigfús Halldórs frá Höfnum, „Kafflar úr útvarpserindum“, bls. 328, 335.

almennum mannréttindum og banna því að tala við hvern sem er“, var skrifað í *Nýju kvennablaði* sumarið 1940 vegna hugmynda um að banna samskipti kvenna við hermenn, jafnvel að viðlagðri handtöku. „Er hugsanlegt að samskonar til-mæli birtust í garð karlmanna, ef dæminu væri snúið við og um erlendar konur væri að ræða hinsvegar? Nei, karlmönnum virðist frjálst að vaða elginn um allt og við alla, án íhlutunar blaða og lögreglu, enda nota þeir sér það óspart sumir hverjir.“⁹⁵ Skömmu síðar minnti ritstjóri sama blaðs á að siðleysi hefði „þekzt í Reykjavík fyrr en í sumar og að þar er sekt karlmannanna engu minni, nema síður sé. Heilbriggt siðferði í kynferðismálum getur því aðeins myndast, að jafn háar siðferðiskröfur séu gerðar til karla og kvenna.“⁹⁶

Sjálftæðiskonan og barnaverndarfulltrúinn Guðrún Guðlaugsdóttir, sem átti eftir að láta í sér heyra á stúdentafundinum um haustið, tók fyrst til máls um ástandsmálin á opinberum vettvangi sumarið 1941. Hún varpaði fram þeirri spurningu hvort karlmennirnir sem meintar ástandsstúlkur hefðu samneyti við væru saklausir – „er ekki sama syndin drýgð af báðum aðilum?“⁹⁷ Guðrún orti kvæði um ástandsúræðuna, „Sleggjúðómar“, sem hún birti í *Vísu* skömmu síð-ar. Lokaerindið hljómaði svo: „Hann er einn, sem alla dæmir / og öðrum fremur þekkir galla. / Það ekki góðum sonum sæmir / að syngja hátt um þá sem falla.“⁹⁸

Ekki var minni hiti í umræðunni um ástandið eftir að inntak skýrslu ástands-nefndarinnar var gert opinbert síðsumars 1941. Það þarf tvo til, minnti Eufemía Waage á í *Nýju kvennablaði*; „til en Kontrakt skal der to“. Hún taldi réttast að karlmennirnir athuguðu „hvern þátt þeir muni eiga í þessu neyðarástandi ... en setjist ekki bara og sóli sig í dyggðum sínum og horfa á aumingja kvenfólkið vafra um í yztu myrkrum þar, sem enginn sér mun á svörtum sauð og hvítum.“⁹⁹ Skáldkonan Guðrún Brynjúlfs skrifaði langa grein í *Nýtt dagblað*, þar sem hún fór hörðum orðum um æsifréttir blaðanna og þá „slúðursýki“ sem gripið hefði um sig. Stúlkur hefðu „ekki lengur rétt til að skreppa út í frístundum sínum og skemmta sér á allra saklausasta hátt, án þess að eiga á hættu að vera settar á eins-konar sakamannalista hjá lögreglunni og kallaðar öllum illum nöfnum.“ Guðrún ítrekaði að íslenskir karlmenn hefðu oft haft fleiri en eina konu í takinu:

⁹⁵ J.P., „Siðferðilegt vandamál og kvenréttindi“, *Nýtt kvennablað* 1:1/1940, bls. 5–6, hér bls. 5. Sjá einnig gagnrýni kvennasíðu Þjóðviljans: Á.J., „Hver á sökina?“, *Þjóðviljinn* 20. júlí 1940, bls. 2–3; „Íslenzku stúlkurnar og brezki herinn“, *Þjóðviljinn* 16. október 1940, bls. 2 og 4.

⁹⁶ M.J.K., „Konur í lögregluliði Reykjavíkur“, *Nýtt kvennablað* 1:2/1940, bls. 1–2, hér bls. 2.

⁹⁷ Guðrún Guðlaugsdóttir, „Maður, líttu þér nær ...“, *Vísir* 11. júlí 1941, bls. 3. Bein tilvitnun er skáletruð í heimild.

⁹⁸ Guðrún Guðlaugsdóttir, „Sleggjúðómar“, *Vísir* 22. júlí 1941, bls. 3.

⁹⁹ Eufemía Waage, „Gjafir eru yður gefnar“, *Nýtt kvennablað* 2:2/1941, bls. 4–5, hér bls. 4.

Eg hef ekki orðið vör við að nöfnum þeirra hafi verið safnað saman á neinn allsherjar hórkaralista eða óp gerð að þeim í opinberum blöðum og á gatnamótum. ... Nei – það hefur verið furðu hljótt um þau mál á opinberum vettvangi, nema hvað ein kona, það er eins og allir vita, frk. Laufey Valdimarsdóttir, hefur barizt með hnúum og hnefum að því að börn hinna óheppnu unnusta, sem gengið höfðu úr skaftinu fengju að vera skrifuð synir og dætur hans föður síns og nytu meðlags þess, sem landslög heimila þeim.¹⁰⁰

Guðrún mótmælti líka þeim ásökunum að íslenskar konur höguðu sér eins og aðeins vændiskonur gerðu í útlöndum, svo að setuliðsmennirnir yrðu steinhissa þegar þær vildu ekki þýðast þá. „Hvers vegna mega ekki útlendir hermenn verða hissa hér uppi á Íslandi?“, spurði Guðrún. „Er það ekki sómi fyrir land og þjóð ef konur hér eru frjálssari og lausari við kynferðislegan héraskap heldur en í öðrum löndum?“¹⁰¹

Konurnar í kvennanefndinni sem skipuð var eftir gagnrýni Sigríðar Eiríksdóttur á ástandsnefndina – Sigríður, Aðalbjörg Sigurðardóttir og Guðrún Pétursdóttir – voru síður en svo þekktar fyrir frjálsslyndi þegar kom að ástandsmálunum. Þær stóðu samt gegn því að ólíkar reglur giltu um kynin og ýttu á um að ungmennalögin sem sett voru veturinn 1941–1942 næðu til bæði pilta og stúlkna en ekki aðeins stúlkna eins og ástandsnefndin hafði í hyggju.¹⁰² Karlarnir í ástandsnefndinni viðurkenndu að karlmennirnir væru ekki alsaklausir en það væri kvenfólkið sem væri í hættu statt „og mun því ekki verða hjá því komist að snúa sjer að því fyrst og fremst.“¹⁰³ Og þannig varð það; þótt ungmennalögin og tilheyrandi stofnanir næðu að lokum bæði til stúlkna og pilta var framkvæmd þeirra mjög kynjuð og beindist nær eingöngu að stúlkum.¹⁰⁴

Átök í blöðum, í bréfum og fyrir dómstólum

Stofnanirnar sem komið var á fót í kjölfar setningar ungmennalaganna árið 1941 urðu skammlífar. Í árslok 1942 tók ný ríkisstjórn við stjórnartaumunum og þar var ekki áhugi fyrir áframhaldandi aðgerðum vegna ástandsins, bæði af hugmyndalegum og fjárhagslegum ástæðum. Haustið 1943 var ákveðið að leggja

¹⁰⁰ Guðrún Brynjúlfs, „Hvaða rétt höfum við konur?“, *Nýtt dagblað* 7. september 1941, bls. 2 og 4. Skáletrað orð er feitletrað í heimild. Hér er gengið út frá því að Guðrún Brynjúlfs sé Guðrún Brynjúlfsdóttir skáldkona úr Borgarfirði, fædd árið 1904.

¹⁰¹ Sama heimild, bls. 2.

¹⁰² Bárá Baldursdóttir, „„Þær myndu fegnar skipta um þjóðerni““, bls. 311–312.

¹⁰³ „Skuggalegar myndir af siðferði reykvískra kvenna“, *Morgunblaðið* 28. ágúst 1941, bls. 5.

¹⁰⁴ *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „„Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?““

niður vistheimilið á Kleppjárnsreykjum. Í kjölfarið var ungmennadómstóllinn lagður niður og loks ungmennaefirlitið árið 1944.¹⁰⁵

Eins og við mátti búast voru Jóhanna Knudsen og skoðanasystkini hennar mjög ósatt við þessi málalok. Háðar voru harðar deilur í blöðum um ástandsmálin og það hvort íslenskt samfélag flyti nú sofandi að feigðarósi.¹⁰⁶ Í árslok 1944 skrifuðu Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona og Kristín Ólafsdóttir lækni bréf til barnaverndarnefndar Reykjavíkur þar sem þær undirstrikuðu nauðsyn efirlits með „ljettúðugum unglingsstúlkum“ og stofnana fyrir vandræðaunglinga.¹⁰⁷ Kristín hafði séð um læknisskoðanir fyrir ungmennaefirlitið, þar á meðal meyarhaftsskoðanir á stúlkum sem voru grunaðar um samneyti við hermenn, sem hafa orðið einn illræmdasti hlutinn af starfsemi ungmennaefirlitsins og ungmennadómstólsins.¹⁰⁸ Um svipað leyti og Sigríður og Kristín skrifuðu bréf sitt birtist viðtal við Jóhönnu Knudsen í *Nýju kvennablaði* þar sem hún lýsti siðferðislegri og þjóðernislegri hættu af því að aðgerðum vegna ástandsins væri hætt. Viðtalið birtist lítið breytt í *Morgunblaðinu* og kom fram í *Nýju kvennablaði* að Jóhanna hefði sjálf þrýst á um að viðtalið yrði birt í *Morgunblaðinu*.¹⁰⁹ Í minningargrein um Sigríði Eiríksdóttur löngu síðar skrifaði Hulda Á. Stefánsdóttir að hún hefði oft komið heim til Jóhönnu Knudsen á stríðsárunum og hitt þar Sigríði „og fleiri áhugakonur sem höfðu áhuga á að forða þjóðinni frá margskonar voða er fylgdi hernáminu.“ Eitt sinn hafi Hulda aðstoðað þær við að koma grein um málefnið í *Morgunblaðið*, sem Valtýr bróðir hennar ritstýrði.¹¹⁰ Ef til vill var það viðtalið við Jóhönnu Knudsen, eða einhver önnur grein til stuðnings málstaðnum; það er alltént ljóst að Jóhanna hafði að baki sér hóp af dyggum stuðningskonum.

Ekki er að sjá að margar konur hafi opinberlega fagnað endalokum ung-

¹⁰⁵ Þór Whitehead, „Ástandið og yfirvöldin“, bls. 135–138; *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að efirláta hernum stúlkubörnin?“, bls. 69–73. Störfum ungmennaefirlitsins lauk vorið 1944 en Jóhanna Knudsen var ekki formlega leyst frá störfum hjá lögreglunni fyrr en árið 1945.

¹⁰⁶ *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að efirláta hernum stúlkubörnin?“, bls. 73–76.

¹⁰⁷ *BR.* (Borgarskjalasafn Reykjavíkur) Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Barnaverndarnefnd Reykjavíkur, Ýmislegt, 1932–1958, 23. Kristín Ólafsdóttir og Sigríður Eiríksdóttir til barnaverndarnefndar Reykjavíkur 9. desember 1944.

¹⁰⁸ Bára Baldursdóttir, „„Þær myndu fegnar skipta um þjóðerni““, bls. 314; Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „„Hún var með eldrauðar neglur og varir““, bls. 75; *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „„Eigum við að efirláta hernum stúlkubörnin?““, bls. 50–51. Kristín var gift Vilmundi Jónssyni landlækni.

¹⁰⁹ „Á ungmennaefirlitið og kvenlögregluembættið að leggjast niður?“, *Nýtt kvennablað* 5:8/1944, bls. 8–10; „Tómletti um vernd ungmenna“, *Morgunblaðið* 16. janúar 1945, bls. 5.

¹¹⁰ Hulda Á. Stefánsdóttir, „Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona“, *Morgunblaðið* 3. apríl 1986, bls. 24.

mennaefirlitsins, ungmennadómstólsins og Kleppjárnshreykjaheimilisins. Þar skar ein kona sig úr, Guðrún Guðlaugsdóttir, sem hafði áður gagnrýnt viðbrögðin við ástandinu í blöðum og á stúdentafundinum haustið 1941. Guðrún sat í barnaverndarnefnd Reykjavíkur og skrif hennar voru sumpart vörn fyrir störf nefndarinnar; þegar skrifað var í blöðin að fjöldi stúlkna undir lögaldri væri á siðferðislega hálum ís var gefið í skyn að barnaverndarnefnd stæði ekki undir skyldum sínum.¹¹¹ Töluverð togstreita hafði enn fremur ríkt milli Jóhönnu Knudsen og að minnsta kosti sumra meðlima nefndarinnar, líklega að hluta til vegna skoðanaágreinings og að hluta til vegna þess að barnaverndarnefnd þótti Jóhanna fara út fyrir vald- og verksvið sitt.¹¹²

Skömmu eftir birtingu viðtalsins við Jóhönnu í *Morgunblaðinu* í janúar 1945 óskaði Guðrún eftir því að fá líka að segja álit sitt. Blaðið birti viðtal með lýsandi fyrir sögn: „Barnaverndarnefnd á að annast ástandsmálin. Hæli og dómstóll óþarfi“. Guðrún fór hörðum orðum um ungmennadómstólinn og heimilið á Kleppjárnshreykjum, sem hún lýsti sem „nokkurskonar hefndarráðstöfun gagnvart reykviskum stúlkum“.¹¹³ Næstu vikur stóð síðan mikil orrahrið í blöðum um afstöðu barnaverndarfulltrúans Guðrúnar til ástandsmálanna. Ýmsir gagnrýndu málflutning hennar en hún svaraði jafnan um hæl og gaf ekkert eftir.¹¹⁴ Í febrúar var haldinn fundur í sjálfstæðiskvinnafélaginu Hvöt þar sem ástandsmálin voru til umræðu og virðist Guðrún hafa verið á öndverðum meiði við flestar samstarfskonur sínar. Í kjölfar framsögu Aðalbjargar Sigurðardóttur um afvegaleiddar unglingsstúlkur, þar sem hún harmaði að ungmennadómstóllinn og Kleppjárnshreykjaheimilið hefðu verið lögð niður, samþykkti fundurinn að skora á yfirvöld að koma upp heimilum í sveit fyrir „annmarka ungmenni“. Tillagan var samþykkt með miklum meirihluta atkvæða – en undir mótmælum Guðrúnar.¹¹⁵

Guðrún taldi að hætta sem stafaði af samneyti ungra kvenna við setuliðsmenn væri ofmetin. „Jeg veit það mæta vel, að ungum stúlkum þykir gaman að dansa og skemta sjer, en veit líka, að það er oftast ekki annað, sem þeim og gestunum fer á milli“, sagði hún.¹¹⁶ Hún vildi ekki að börn væru „gerð að óbótamönnum og sett á bekk með glæpamönnum þjóðarinnar fyrir smá yfirsjónir í

¹¹¹ Sjá til dæmis Guðrún Guðlaugsdóttir, „Áskorun“, *Vísir* 14. mars 1945, bls. 6.

¹¹² *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?“, bls. 73–77.

¹¹³ „Barnaverndarnefnd á að annast ástandsmálin“, *Morgunblaðið* 26. janúar 1945, bls. 5.

¹¹⁴ Snemma í mars tók Lúðvíg Guðmundsson saman helstu þætti þessarar umræðu eins og hún hafði þá farið fram. Sjá Lúðvíg Guðmundsson, „Ástand og horfur“, *Morgunblaðið* 7. mars 1945, bls. 5 og 8.

¹¹⁵ „Sjálfstæðiskvinnafélagið „Hvöt“ ræðir vandamál æskulýðsins“, bls. 5.

¹¹⁶ „Barnaverndarnefnd á að annast ástandsmálin“, bls. 5.

siðferðismálum.¹¹⁷ Í máli hennar var einnig að finna skýra gagnrýni á tvöfalt siðgæði í umræðunni um ungar stúlkur sem umgengust hermenn, „því að hvað stúlkur snertir og siðferðisbrot þeirra, sem mest er nú umrætt, hljótum við ávalt að vera sammála um það, að hjer er um tvo aðila að ræða.“ Í tilfelli stúlkna undir lögaldri snerist málið að auki um „ólífsreynd stúlkubörn“ annars vegar en fullveðja karlmenn hins vegar og valdamunurinn augljós: „Er nokkuð rjettlæti í því, að reisa opinberar stofnanir fyrir börnin og dæma þau þangað til nauðungardvalar, meðan þeir sem óförunum valda, fá að halda áfram óáreittir að tæla fleiri stúlkur til óskírlífis“.¹¹⁸

Í þessari grein hefur ekki verið lögð áhersla á að aðgreina umræðuna um samskipti fulltíða kvenna við hermenn annars vegar og hins vegar stúlkna undir lögaldri, enda rann þetta tvennt iðulega saman í skrifum fólks, en þegar rætt var um ungmennalögin og tilheyrandi stofnanir snerist málið um stúlkur undir lögaldri. Agnes Jónasdóttir hefur fjallað ítarlega um barnaverndarþátt ástandans og bent á hvernig verndarsjónarmið og refsisjónarmið toguðust á í framkvæmd ungmennalaganna. Það var misjafnt hvort lítið var á „ástandsstúlkuna“ sem geranda, sem þyrfti fyrst og fremst aga og eftirlit, eða þolanda, sem þyrfti vernd.¹¹⁹ Ein vægðarlausasta birtingarmynd þess hvernig ungar stúlkur voru gerðar að hinum ábyrga, eða seka, aðila voru þau tilfelli í yfirheyrslum þar sem stúlkur sögðu frá kynferðisofbeldi sem þær höfðu orðið fyrir, af hálfu setulíðsmanna eða íslenskra karlmannna, án þess að ástæða þætti til að rannsaka það frekar en lítið á slíkar frásagnir sem staðfestingu á lauslæti stúlkanna.¹²⁰

Afstaða Guðrúnar Guðlaugsdóttur til ástandsmálanna vakti hörð viðbrögð. Í kjölfar þess að Guðrún svaraði Jóhönnu Knudsen í *Morgunblaðinu* í janúar sendu 13 þjóðþekktar konur bréf til bæjarstjórnar Reykjavíkur, ásamt eintaki af blaðinu. Þær skrifuðu að þar ræddi Guðrún „um hermennakynni telpna á barnaverndaraldri“, sem væri

eitt mesta vandamál bæjarfjelagsins og þjóðarinnar í heild. Því hefir hingað til hvergi nærri verið sint eins og skyldi, og eru afleiðingar þess nú komnar í ljós á hinn hörmulegasta hátt. Má á það benda, að um sama leyti og ofangreind grein birtist, var skýrt frá því í blöðunum,

¹¹⁷ Guðrún Guðlaugsdóttir, „Svar til sr. Jakobs Jónssonar“, *Morgunblaðið* 6. febrúar 1945, bls. 8.

¹¹⁸ Guðrún Guðlaugsdóttir, „Ástandsmálin og Lúðvík Guðmundsson“, *Morgunblaðið* 17. mars 1945, bls. 4 og 8.

¹¹⁹ *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?“, bls. 79–80.

¹²⁰ Hafdís Erla Hafsteinsdóttir, „Hún var með eldrauðar neglur og varir“, bls. 78–79; *Lbs.-Hbs.* Agnes Jónasdóttir, „Eigum við að eftirláta hernum stúlkubörnin?“, bls. 57–58; Bjarni Guðmarsson og Hrafn Jökullsson, *Ástandið*, bls. 272–279.

að á næstu fjárhagsáætlun bæjarins væri gert ráð fyrir kr. 200.000.00, sem greiðslu með ófeðruðum börnum. Svo mikil nauðsyn sem það er ævinlega, þá er nú margföld þörf á því, að vandað verði sjerstaklega val þess fólks, sem bæjarfjlagið trúir fyrir barnaverndarmálum sínum. Að vorum dómi ber fyrrnefnd blaðagrein vott um svo takmarkalaust ábyrgðarleysi, vanþekkingu á staðreyndum og skort á skilningi á þeim einstæða háska sem æskulýð vorum er nú búinn, að vjer teljum óverjandi að þeim, er svo eru andvaralausir í þessum efnum, veitist aðstaða til setu í barnaverndarnefnd bæjarins eða annarra opinberra afskifta af uppeldismálum. Vjer leyfum oss að skora eindregið á háttvirta bæjarstjórn Reykjavíkur að taka þetta mál til skjótrar og rækilegrar athugunar og aðgerða.¹²¹

Með öðrum orðum var skorað á bæjarstjórn að vísa Guðrúnu úr barnaverndarnefnd. Undir bréfið rituðu Kristín Ólafsdóttir læknir, Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona, Aðalbjörg Sigurðardóttir kennari, Jóhanna Friðriksdóttir ljósmóðir, Hulda Á. Stefánsdóttir, skólastjóri Húsmæðraskólans í Reykjavík, Steinunn H. Bjarnason, fyrrum formaður Bandalags kvenna í Reykjavík, Ragnheiður Jónsdóttir, líklega skólastjóri Kvennaskólans í Reykjavík, Svava Þórleifsdóttir skólastjóri, Vigdís G. Blöndal, forstöðukona heimavistar Laugarnesskóla fyrir veikluð börn, Bryndís Þórarinsdóttir, sem starfaði með Mæðrastyrksnefnd og Kvenfélagi Fríkirkjusafnaðarins, Sigríður Sigfúsdóttir, líklega ljósmóðir, Helga Sigurðardóttir, skólastjóri Húsmæðrakennarskóla Íslands, og Katrín Thoroddsen læknir. Eitt nafn hefur verið máð út en greinarhöfundur getur ekki betur séð en það sé nafn Guðrúnar Pétursdóttur, þriðju konunnar í „kvennanefndinni“ sem skipuð var vegna ástandsins, en hún var atkvæðamikil í kvennahreyfingunni og starfaði meðal annars með Guðrúnu Guðlaugsdóttur í Hvöt.¹²²

Bréf kvennanna til barnaverndarnefndar er ágætt dæmi um það hversu lít-

¹²¹ BR. Aðf. 3206. Málasafn borgarstjóra. Barnavernd (1915–1952). A/13. 3206c. 13 konur til bæjarstjórnar Reykjavíkur 30. janúar 1945. Bæjarstjórn virðist ekki hafa brugðist við bréfinu sem konurnar sendu til barnaverndarnefndar en í mars 1945 var vakin athygli á því og það að lokum birt í *Morgunblaðinu*. Sjá Lúðvíg Guðmundsson, „Ástand og horfur“; Guðrún Guðlaugsdóttir, „Ástandsmálin og Lúðvík Guðmundsson“; Lúðvíg Guðmundsson, „Nokkur orð til Guðrúnar Guðlaugsdóttur“, *Morgunblaðið* 21. mars 1945, bls. 8.

¹²² Um svipað leyti sendu ellefu konur bréf til allsherjarnefndar Alþingis vegna fyrirhugaðra breytinga á barnaverndarlögum og lýstu áhyggjum sínum meðal annars af því að aftur ætti að lækka eftirlitsaldur í 16 ár. Undir það rituðu margar af sömu konum, auk Guðrúnar Lárusdóttur, Guðrúnar Jónasson og Soffíu Ingvarsdóttur. Sjá: SA. (Skjalasafn Alþingis) Ellefu konur til allsherjarnefndar Alþingis 9. febrúar 1945.

ill greinarmunur var stundum gerður á því hvort umræðan snerist um stúlkur undir eða yfir lögaldri. Í orði kveðnu fjallaði bréfið um barnaverndarmál og sem dæmi um afleiðingar þess að þau hefðu verið vanrækt nefndu bréfritarar meðlagsgreiðslur bæjarins með óskilgetnum börnum setuliðsmanna en Reykjavíkurbær hafði samþykkt að veita konum sem eignuðust börn með hermönnum meðlag í formi láns og höfðu Kvenréttindafélagið og Mæðrastyrksnefnd þrýst á um það.¹²³ Eins og Guðrún Guðlaugsdóttir hafði sjálf bent á voru hins vegar sárafáar þessara barnsmæðra á eftirlitsaldri barnaverndar og meðlagsmálin því yfirleitt ótengd starfssviði barnaverndarnefndar.¹²⁴

Bréf kvennanna vakti að sjálfsgöðu athygli Laufeyjar Valdimarsdóttur, formanns Kvenréttindafélagsins og Mæðrastyrksnefndar. Þann 22. mars, daginn eftir að bréfið var birt í *Morgunblaðinu*, skrifaði Laufey grein í *Vísu* en hún birtist einhverra hluta vegna ekki fyrr en í byrjun maí. Laufey útskýrði erfða lagalega stöðu kvenna sem höfðu eignast börn með setuliðsmönnum, rakti baráttu Kvenréttindafélagsins og Mæðrastyrksnefndar fyrir bættum kjörum þeirra og rökstuddi nauðsyn þess bæði fyrir konurnar sjálfar og íslenska ríkið að greitt yrði úr meðlagsmálum hermanna. Hún fór þó einnig hörðum orðum um viðbrögðin við samneyti íslenskra kvenna og setuliðsmanna. Þar á meðal nefndi hún siðferðisrannsókn Jóhönnu Knudsen, þar sem fjöldamargar reykvískar konur hefðu verið „ásakaðar um ósamileg mök við setuliðið“ á hæpnum forsendum, og þakkaði Guðrúnu Guðlaugsdóttur sérstaklega fyrir að taka afstöðu gegn því „að endurvakin væri svipuð óhæfa og átti sér stað meðan heimilið á Kleppjárnsreykjum var við lýði, ungmennadómurinn starfaði og frk. Jóhanna Knudsen fékkst við yfirheyrslur“.¹²⁵

Grein Laufeyjar ýfði ýmsar fjaðrir. Aðalbjörg Sigurðardóttir brást við með því að segja sig úr stjórn Kvenréttindafélagsins og sagðist ekki treysta sér til að starfa undir stjórn Laufeyjar: „Orsök til þess taldi hún mjög djúptækan skoðanamun milli formanns og sín á uppeldismálum í sambandi við hernám landsins“.¹²⁶ Enn harðari voru viðbrögð Jóhönnu Knudsen. Í byrjun júní 1945 lagði hún fram meiðyrðakæru til sáttanefndar Reykjavíkur á hendur Laufeyju og fór

¹²³ „Kvenréttindafélagið krefst samninga við hlutadeigandi ríki“, *Alþýðublaðið* 18. nóvember 1944, bls. 2 og 7; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 228. Um meðlagsmál á stríðsárunum sjá einnig Herdís Helgadóttir, *Úr fjöturum*, bls. 279–284.

¹²⁴ Guðrún Guðlaugsdóttir, „Þrenningunni svarað“, *Morgunblaðið* 15. febrúar 1945, bls. 4.

¹²⁵ Laufey Valdimarsdóttir, „Ófeðruð börn“, *Vísir* 5. maí 1945, bls. 3 og 6.

¹²⁶ *KSS*. 6. Kvenréttindafélag Íslands. Askja 4. Fundargerðabækur. 11. júní 1945. Sjá einnig: *KSS*. 6. Kvenréttindafélag Íslands. Askja 2. Bréf 1945. Aðalbjörg Sigurðardóttir til stjórnan Kvenréttindafélags Íslands 24. maí 1945.

fram á að nefndin boðaði þær á fund þar sem Laufey væri fengin til að afturkalla ummæli sín um Jóhönnu á tveimur stöðum í greininni, annars vegar þar sem hún lýsti siðferðisrannsókn Jóhönnu og hins vegar þar sem hún kallaði Klepp-járnsreykjaheimilið, ungmennadómstólinn og yfirheyrslur Jóhönnu „óhæfu“. Tækjust sættir ekki vildi Jóhanna að málinu yrði skotið til dómstóla, ummæli Laufeyjar dæmd dauð og ómerk „og hún dæmd í þá þyngstu refsingu, sem við broti þessu liggur.“¹²⁷ Sáttafundurinn bar ekki árangur og fór meiðyrðamálið því fyrir bæjarþing Reykjavíkur.¹²⁸

Afrit af meiðyrðakæru Jóhönnu er að finna meðal fyrrnefndra skjala Laufeyjar í handritasafni Landsbókasafns en einnig fleiri pappíra sem tengjast meiðyrðamálinu. Þar eru tvö skjöl sem vekja sérstaka athygli. Það fyrra er eins konar varnarskjál Laufeyjar gegn kæru Jóhönnu, þar sem hún færir rök fyrir því að það falli undir lýðræðislegt ritfrelsi í landinu að „gagnrýna opinberlega fyrirkomulag, sem snertir almenning og rekið er fyrir opinbert fé“. Í þessu skjali er einnig að finna athyglisverða lýsingu Laufeyjar á fyrstu kynnum sínum af Jóhönnu Knudsen, sem hún skrifar að sér hafi litist vel á þegar hún var upphaflega ráðin í lögregluna. Hún hafi haldið að Jóhanna myndi „hafa með höndum einhverskonar hjálparstarfsemi gagnvart ungum stúlkum“ og gæti Mæðrastyrksnefnd haft samstarf við hana um það. Laufey hafi boðið henni afnot af skrifstofu nefndarinnar og Jóhanna nýtt sér það en aðeins í nokkra daga: „Þegar ég fór að ræða meir við frk. Knudsen fann ég fljótt að við áttum ekki samleið, vegna þess að hún fékkst við njósnir um siðferði kvenna. Skildu þá leiðir okkar.“¹²⁹

Seinna skjalið er titlað „Störf frk. Jóhönnu Knudsen í þágu lögreglunnar í Reykjavík“ en þar rökstyður Laufey nánar gagnrýni sína á störf Jóhönnu, allt frá því að sú síðarnefnda tók að sér siðferðisrannsóknina sem varð grunnurinn að skýrslu ástandsnefndarinnar. Vilmundur Jónsson hefði áreiðanlega flokkað málflutning Laufeyjar til hinnar lögfræðilegu afstöðu þar sem áhersla var lögð á réttindi einstaklingsins, fremur en þá siðferðislegu sóttvarnastefnu sem hann sjálfur og Jóhanna Knudsen aðhylltust. Laufey dró í efa að lagagrundvöllur hefði verið fyrir sumu því sem Jóhanna tók sér fyrir hendur, meðal annars skrásetningunni sem fólst í upphaflegri siðferðisrannsókn hennar en Laufey áleit að það væri varla „verksvið lögreglu að hafa með höndum slíkar eftirgrenslanir um einkalíf

¹²⁷ *ÞÍ*. Borgarfógetinn í Reykjavík. 22-EA6/24-1. Bæjarþingsmálið nr. 220/1945. Jóhanna Knudsen til sáttanefndar Reykjavíkur 2. júní 1945.

¹²⁸ Dóminn og fylgiskjöl hans er að finna í: *ÞÍ*. Borgardómur Reykjavíkur. 2006-EC/6. Bæjarþingsmálið nr. 220/1945; *ÞÍ*. Borgarfógetinn í Reykjavík. 22-EA6/24-1. Bæjarþingsmálið nr. 220/1945. Afrit af mörgum skjalanna eru í: *Lbs*. B.31. Laufey Valdimarsdóttir.

¹²⁹ *Lbs*. B.31. Laufey Valdimarsdóttir. Ótitluð greinargerð, 22. júní 1945.

manna, sem engin lögbrot hafa framið“. Laufey gagnrýndi jafnframt harðlega „hinar illræmdu læknisskoðanir, á ungum stúlkum, sem skera áttu úr um það hvort þær væru óspjallaðar“:

Stúlkurnar voru bókstaflega hræddar til þess að láta framkvæma á sér slíkar skoðanir, vegna þess að þeim var sagt að ef þær samþykktu það ekki væri það tekið sem játning á sök þeirra. ... Ég tel slíkar nauðungar-skoðanir óhæfu og veit ekki til þess að nein lög séu fyrir því að misbjóða svo freklega einstaklingsfrelsi manna. Hygg ég þetta vera íslenzkt eins-dæmi meðal menningarþjóða og munu slíkar skoðanir einungis fara fram þegar um nauðgunarkæru er að ræða, t.d. á barni, og hægt er að sjá áverka. Skoðanir þær sem framdar voru á stúlkunum gerðu þeim án efa mikið illt og má vera að margar stúlkurnar beri þess merki alla ævi að hafa orðið að sæta slíkri meðferð. Stundum voru stúlkurnar skoðaðar hvað eftir annað ...¹³⁰

Laufey skrifaði að henni virtist sem „frk. Knudsen skilji ekki stúlkurnar né beri hlýjan hug til þessara unglunga, sem hún er að yfirheyra“.¹³¹

Dómur í meidyrðamáli Jóhönnu Knudsen gegn Laufeyju Valdimarsdóttur var ekki kveðinn upp fyrr en í desember 1945. Þá var Laufey á ferðalagi milli alþjóðlegra kvenréttindafunda í Evrópu. Hún var sýknuð í tilfelli fyrri ummæl-anna en sakfelld fyrir þau síðari, þar sem hún lýsti yfirheyrslum Jóhönnu sem óhæfu. Tveimur vikum síðar barst andlátsfregn Laufeyjar til Íslands; hún hafði látist snögglega í París 9. desember, nokkrum dögum áður en dómur féll.¹³²

Samstarf og stríðandi fylkingar

Í grein sinni í *Visi* í maí 1945 lýsti Laufey Valdimarsdóttir því svo að vanmáttar-kennd Íslendinga vegna hernámsins hefði fengið „þá furðulegu útrás, að íslenzk-ir karlmenn hófu nokkurskonar borgarastríð gegn konunum í landinu“ með að-stöð einnar konu, Jóhönnu Knudsen:

Forkólfarnir í þessari herför boðuðu ýmsar forustukonur kvenfélaga til fundar við sig og óskuðu eftir samvinnu við þær um þessi mál. En þeim til furðu reyndust konurnar ekkert ginnkeyptar eftir neinni sam-

¹³⁰ *Lbs.* B.31. Laufey Valdimarsdóttir. „Störf frk. Jóhönnu Knudsen í þágu lögreglunnar í Reykjavík“. Ódagsett greinargerð.

¹³¹ Sama heimild.

¹³² *ÞÍ.* Borgardómur Reykjavíkur. 2006-EC/6. Bæjarþingsmálið nr. 220/1945; „Laufey Valdimarsdóttir látin“, *Þjóðviljinn* 29. desember 1945, bls. 1.

vinnu við þessa menn, og komu fram raddir um það, að þeim mundi full þörf á að snúa vandlætingu sinni að siðferði síns eigin kyns. Ekki bar þó á því, að þeir myndu neina köllun til þess. En nú er svo komið, að iðni áróðursmanna er farin að bera árangur ... Þessari fríðu fylkingu hefir ekki nægt að fá ýmsar velþenkjandi konur til fylgis við sig, heldur virðist þeim áhugamál að æsa konunar hverja á móti annarri.¹³³

Þetta er athyglisverður vitnisburður um sýn Laufeyjar á viðbrögðin við ástandinu; þar hafa karlarnir frumkvæðið, konurnar gagnrýna hið tvöfalda siðgæði sem birtist í hugmyndum þeirra en að lokum tekst körlunum að kljúfa samstöðu kvennanna svo þær snúast hver gegn annarri.

Margar þeirra kvenna sem tjáðu sig um ástandið á opinberum vettvangi voru áberandi í kvannahreyfingunni. Þótt hugmyndafræðilegur ágreiningur hafi sett mark sitt á kvannahreyfinguna á millistríðsárunum höfðu þessar konur iðulega unnið saman í fjölbreyttum, þverpólítískum félagasamtökum á borð við Kvenréttindafélag Íslands og Mæðrastyrksnefnd og í fljótu bragði virðist flokkapólítík ekki skýra meginátakalínurnar. Ljóst er að konur á borð við Jóhönnu Knudsen, Sigríði Eiríksdóttur og Aðalbjörgu Sigurðardóttur aðhylltust þá siðferðislegu og þjóðernislegu íhaldssemi sem hafði verið svo ríkjandi á millistríðsárunum og setti síðan mark sitt á andstöðuna við hernaðarsamstarfið við Breta og Bandaríkjamenn í styrjöldinni og eftir hana. Eftir stríð sátu Aðalbjörg og Sigríður báðar í stjórn Þjóðvarnarfélagsins, sem stofnað var til höfuðs Keflavíkursamningnum, en Aðalbjörg og Jóhanna sátu saman í ritstjórn blaðsins *Mannbjörg*, þar sem var fléttað saman þeirri ógn sem íslensku samfélagi stafaði af hernaðaraðstöðu Bandaríkjamanna á Keflavíkurlflugvelli og ógninni sem stafaði af áfengisneyslu.¹³⁴ Sigríður og Aðalbjörg höfðu þó tekið þátt í umræðu um nauðsyn og hlutverk kvenlögreglu frá því á millistríðsárunum, meðal annars við eftirlit með siðferðismálum, og var versnandi siðferðisástand í Reykjavík nefnt í því samhengi.¹³⁵ Afstaða þeirra til ástandsmálanna og starfa Jóhönnu Knudsen kom í eðlilegu framhaldi.

Laufey Valdimarsdóttir hafði aftur á móti lýst sig mótfallna því að kvenlögregla fylgdist með siðferðislegri hegðun kvenna en hún tilheyrði róttækari anga

¹³³ Laufey Valdimarsdóttir, „Ófeðruð börn“, *Vísir* 5. maí 1945, bls. 3 og 6, hér bls. 3.

¹³⁴ *Lbs.-Hbs.* Katherine Connor Martin, „Nationalism, internationalism and gender in the Icelandic anti-base movement, 1945–1956“, MA-ritgerð í sagnfræði frá Háskóla Íslands 2003, bls. 52–55, 59–60. Rétt eins og Aðalbjörg átti Sigríður eftir að segja sig úr Kvenréttindafélaginu árið 1951 vegna átaka um hernaðarsamstarfið við Bandaríkjamenn. Sjá sömu heimild, bls. 89–90.

¹³⁵ *Lbs.-Hbs.* Atli Björn Jóhannesson, „Kvenlögregla og siðferðismálin“, bls. 29–34.

kvennahreyfingarinnar, sem talaði fyrir kvenréttindum á grundvelli mannréttinda og jafnræðis. Guðrún Guðlaugsdóttir er óvæntari fulltrúi mildrar afstöðu til ástandsmálanna, enda almennt hvorki róttæklingur í flokkastjórnámálum né kvennapólitík.¹³⁶ Í umræðunni um Kleppjárnareykjaheimilið spurði hún hvort almenningur vildi „láta verðandi húsmæður í íslensku þjóðfélagi fá uppeldi sitt á slíkri stofnun, ef þær ekki lifa eftir hinum ströngu siðferðisreglum Jóhönnu Knudsen“ og beitti þannig íhaldssamri orðræðu, sem undirstrikaði stöðu ungra stúlkna sem verðandi húsmæðra, til að gagnrýna hin ströngu siðferðisviðmið – sem gæti auðvitað hafa verið meðvitað rökbragð.¹³⁷ Þótt ádeila Guðrúnar á Jóhönnu Knudsen væri áreiðanlega að hluta til sprottin af viðleitni til að verja heiður og valdsvið barnaverndarnefndar verður ekki horft framhjá því að hún kom ungum stúlkum ítrekað til varnar á opinberum vettvangi og hikaði ekki við að lýsa sig ósammála samstarfskonum sínum í Hvöt.

Afstaða fleiri kvenna kemur á óvart. Vekur þar mesta athygli nafn Katrínar Thoroddsen læknis á listanum yfir bréfrítara sem mótmæltu setu Guðrúnar Guðlaugsdóttur í barnaverndarnefnd. Sósíalístinn Katrín hefur fremur verið tengd fjálslyndi í kynferðismálum, ekki síst vegna tímamótaverks hennar um takmarkanir barneigna frá 1931. Katrín tjáði sig lítið um ástandsmálin á opinberum vettvangi en skírskotaði þó til þeirra í *Melkorku* árið 1944, þar sem hún skrifaði að tveir menn hefðu lagt til að stofnað yrði ríkisrekið vændishús á Íslandi og að allar stúlkur á aldrinum 14–18 ára yrðu „færðar frá, reknar á fjöll og geymdar þar undir umsjá valinkunnra sæmdarkvenna svo tryggt sé að meydómur þeirra spjallist ekki í ótíma“.¹³⁸ Kaldhæðnislegar athugasemdir hennar benda ekki til stuðnings við slíkar hugmyndir og það er ekki ljóst hvers vegna hún slóst aðeins ári síðar í þann hóp „valinkunnra sæmdarkvenna“ sem kröfðust þess að Guðrúnu yrði vikið úr barnaverndarnefnd vegna afstöðu sinnar til ástandsmálanna.

Tvær konur sem skrifuðu undir bréfið störfuðu með Mæðrastyrksnefnd á stríðsárunum, þær Aðalbjörg Sigurðardóttir og Bryndís Þórarinsdóttir, og Aðalbjörg var líka varaformaður Kvenréttindafélagsins.¹³⁹ Þær höfðu því tekið þátt í að þrýsta á um rétt einstæðra mæðra til meðlagsgreiðslna frá hinu opinbera en

¹³⁶ Sjá til dæmis um deilu hennar við Þórunni Elfu Magnúsdóttur um hlutverk kvenna, að vísu tveimur áratugum eftir síðari heimsstyrjöld: Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem ljósa*, bls. 373, 381–382.

¹³⁷ Guðrún Guðlaugsdóttir, „Áskorun“, *Vísir* 14. Mars 1945, bls. 6.

¹³⁸ Katrín Thoroddsen, „Áróður og ofnæmi“, *Melkorka* 1:1/1944, bls. 11–17, hér bls. 17.

¹³⁹ KSS. 12. Mæðrastyrksnefnd. Askja 467. Fundarbók Mæðrastyrksnefndar; Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil*, bls. 174.

skrifuðu þó undir bréf þar sem bent var á þessar meðlagsgreiðslur sem merki um ófremdarástand í þjóðfélaginu. Ef til vill er þetta merki um ágreining innan þessara félaga sem ekki var ræddur opinberlega og jafnvel ekki einu sinni skjalfestur – Aðalheiður Hólm Spans sagði að ástandsmálin hefðu verið rædd í löngu máli á fundum Mæðrastyrksnefndar á stríðsárunum en á slíkar umræður er ekkert minnst í fundagerðabókum.¹⁴⁰ Ef til vill má líka ráða af þessu hve Laufey Valdimarsdóttir hafði styrka stjórn á þeim félögum sem hún veitti formensku; út á við stóðu Mæðrastyrksnefnd og Kvenréttindafélagið sameinuð fyrir réttindum barnsmæðra setuliðsmanna, án þess að felldir væru siðferðisdómar um barneignir þeirra, en ýmislegt kraumaði undir niðri. Þegar Laufeyju var meinað að flytja erindi sitt um siðferðislegt jafnræði karla og kvenna í útvarpið sumarið 1943 mótmælti Kvenréttindafélagið ákvörðuninni eindregið.¹⁴¹ Í fundagerðabók útvarpsráðs kom hins vegar fram að það „mundi nokkur ágreiningur vera um þetta meðal forgöngukvenna 19. júní“.¹⁴²

Ýmsar konur urðu til þess að gagnrýna hið tvöfalda siðgæði sem birtist í ástandsumræðunni, ekki síst á fyrstu árum hennar. Oft er þó erfitt að lesa úr skrifum þeirra tiltekna hugmyndir um kynverund eða kynfrelsi kvenna. Þessum konum blöskraði að allri ábyrgðinni á samskiptum kvenna og hermanna væri varpað á konurnar, af karlmönnum sem voru síst heilagir sjálfir, en þær settu ekki fram skýrar hugmyndir um það hvernig slíkum samskiptum ætti að vera háttað. Þó er þar að finna athyglisverð ummæli, til dæmis í skrifum Guðrúnar Brynjúlfs sem taldi það merki um „kynferðislegan héraskap“ fremur en siðsemi að konur væru svo hræddar um orðspor sitt að þær veigruðu sér við að fara inn í hermanskála.¹⁴³ Langnákvæmstu greininguna er að finna í skrifum Laufeyjar Valdimarsdóttur, sem setti ástandið í markvisst sögulegt og kvennapólitískt samhengi, en ljóst er að sú flókna og stundum mótsagnakennda blanda róttækra og íhaldssamra hugmynda um kynverund kvenna sem einkenndi alþjóðlegu hreyfinguna gegn tvöföldu siðgæði setti líka mark sitt á umræðuna á Íslandi. Þetta má til dæmis sjá á blaðagrein eftir séra Gunnar Árnason frá 1944, þar sem hann setur baráttu Josephine Butler gegn ríkisstýrðu vændi í sambengi við ástandið,

¹⁴⁰ Þorvaldur Kristinsson, *Veistu ef þú vin átt*, bls. 156; *KSS*. 12. Mæðrastyrksnefnd. Askja 467. Fundarbók Mæðrastyrksnefndar.

¹⁴¹ *ÞÍ*. Ríkisútvarp AA/4. 1943–1949. Gerðabók Útvarpsráðs, 27; *KSS*. 6. Kvenréttindafélag Íslands. Askja 2. Innlend bréf – útsend 1940–1943. Helgi Hjörvar til Kvenréttindafélags Íslands 30. júní 1943.

¹⁴² *ÞÍ*. Ríkisútvarp AA/4. 1943–1949. Gerðabók Útvarpsráðs, bls. 21.

¹⁴³ Guðrún Brynjúlfs, „Hvaða rétt höfum við konur?“, *Nýtt dagblað* 7. september 1941, bls. 2 og 4, hér bls. 2.

rétt eins og Laufey gerði, en þar sem Laufey hafði undirstrikað sjálfsákvörðunar-
rétt kvenna lagði Gunnar áherslu á konur sem eins konar þjóðareign eða auðlind
sem ekki mætti þjóða öðrum þjóðum til sölu.¹⁴⁴

Í endurminningum sínum segir Aðalheiður Hólm Spans frá vináttu sinni
við sósíalísku menntakonuna Dýrleifu Árnadóttur á millistríðsárunum og sam-
ræðum þeirra um hugmyndir rússnesku byltingarkonunnar Aleksöndru Kollon-
taju um rétt kvenna til líkama síns. Þar talaði Dýrleif „máli hinna frjálsu ásta á
afskaplega hæverskan hátt“.¹⁴⁵ Líklega hafa konur oft átt í slíkum samræðum
innan fjögurra veggja, án þess að þess sæi merki í opinberri umræðu. Meðal
annars í því ljósi eru skjölin sem komu upp úr tösku Laufeyjar Valdímarsdóttur
svo dýrmætar heimildir. Þar setur hún gagnrýnina á tvöfalt síðgæði ástandsum-
ræðunnar í sögulegt samhengi alþjóðlegrar kvenréttindabaráttu og tjáir sig
hreinskilnislega um þær aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til vegna ástandsins.
Greinargerð Laufeyjar um störf Jóhönnu Knudsen inniheldur einu opinskáu
sam tímagagnrýnina á meyarhaftsskoðanir ungmennaeftirlitsins sem komið
hefur fram, líklega vegna þess að málið þótti of viðkvæmt til að ræða það tæpi-
tungulaust á opinberum vettvangi. Þetta eru ekki opinberar heimildir; Laufey
fékk ekki að flytja erindi sitt um síðferðislegt jafnræði í útvarpið árið 1943 og
skjölin tengd meidyrðamálinu 1945 voru aðeins búin til vegna málsmeðferðar
fyrir dómstólum. 80 árum síðar veita þau okkur hins vegar ómetanlega innsýn í
hugmyndir þessa leiðtoga íslenskrar kvenréttindabaráttu um kynfrelsi og mann-
gildi kvenna og þann ágreining um ástandsmálin sem leyndist undir yfirborðinu
í kvennahreyfingunni.

Ú T D R Á T T U R

Fræðimenn hafa rannsakað „ástandið“ – samneyti íslenskra kvenna við erlenda her-
menn á árum síðari heimsstyrjaldar og viðbrögð samfélagsins við því – frá margvíslegum
sjónarhornum. Rík áhersla hefur verið lögð á að skoða hvernig hugmyndir um kyngervi
og þjóðerni fléttuðust saman en konur voru álitnar hafa mikilvægt hlutverk við varðveislu
íslensks þjóðernis, sem þær brugðust með því að leggja lag sitt við erlenda karlmenn. Í
þessari grein er sjónum beint að málflutningi kvenna í ástandsumræðunni og skoðaðar
birtingarmyndir samstöðu og ágreinings þeirra á milli en margar þessara kvenna voru

¹⁴⁴ Gunnar Árnason, „Dýrar fórnir“, *Morgunblaðið* 24. desember 1944, bls. 10; Gunnar
Árnason, „Opíð brjef til Lúðvigs Guðmundssonar skólastjóra“, *Morgunblaðið* 16. febrúar
1945, bls. 2.

¹⁴⁵ Þorvaldur Kristinsson, *Veistu ef þú vin átt*, bls. 105.

áberandi innan kvennahreyfingarinnar. Skoðað er hvernig íslenskar konur töluðu um og gagnrýndu tvöfalt siðgæði á fyrri hluta 20. aldar, með sérstakri áherslu á hernámsárin, og málf lutningur þeirra settur í alþjóðlegt samhengi. Þar á meðal er stuðst við skjöl úr förum kvenréttindakonunnar Laufeyjar Valdimarsdóttur sem ekki hafa verið nýtt áður, þar sem hún setti fram afdráttarlausa og opinskáa gagnrýni á viðbrögð íslensks samfélags við samskiptum kvenna og hermanna.

Lykilorð: kvenna- og kynjasaga; saga kynverundarinnar; kvennahreyfingin; ástandið; tvöfalt siðgæði

ABSTRACT

The Icelandic women's movement and the double moral standard during World War II

The fraternization between Icelandic women and British and American soldiers during the occupation of Iceland in World War II is called “ástandið” – “the situation”. “The situation”, and society’s harsh reaction to these relationships have been a popular topic of study among Icelandic historians from multiple perspectives. Special attention has been paid to how ideas of gender and nationality converged in the debate. Women were considered to have a special role in the production and reproduction of the Icelandic nation but by having relationships with foreign soldiers, they betrayed those duties. This article focuses on the reaction of the Icelandic womens’ movement to “the situation”, with a special emphasis on their discussion and debates on the double moral standard in the first half of the 20th century, that were an important issue within the international womens’ movement. Among the primary sources used are documents from the archive of womens’ rights activist Laufey Valdimarsdóttir that have not been used before, where she harshly and openly criticizes the reaction of Icelandic society to relationships between women and soldiers.

Keywords: women’s and gender history; history of sexuality; the women’s movement; “the situation”; double moral standard

KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR

Sjálfstætt starfandi sagnfræðingur og rithöfundur
kristinsvava@gmail.com